



DALVÍKURBYGGÐ

2019

Starfsáætlun fræðslu- og menningar sviðs

Málaflokkar 04, 05 og 06

VIRÐING-JÁKVÆÐNI-METNAÐUR

Ábyrgðarmaður: Hlynur Sigursveinsson sviðsstjóri

Fræðslu- og menningar sviðs Dalvíkurbyggðar

Ritstjórar: Dóróþea Reimarsdóttir og Fjóla Dögg Gunnarsdóttir

starfsmenn á fræðslu- og menningar sviði Dalvíkurbyggðar.

Efnisyfirlit

Skrifstofa fræðslu- og menningarmála	6
Leiðarljós	6
Hlutverk	6
Helstu verkefni skrifstofunnar	6
Ytri viðskipavinir fræðslu- og menningarsviðs	7
Innri viðskiptavinir fræðslu- og menningarsviðs	7
Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2018	7
Meginverkefni næsta árs og verkefni sem halda áfram inn á árið 2020	8
Greinargerð um breytingar og nýmæli	9
Húsnæðismál	9
Starfsmannamál	9
Lykiltölur/mælikvarðar	9
3ja ára áætlun	9
Dalvíkurskóli	10
Leiðarljós	10
Hlutverk	10
Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2019	10
Helstu verkefni Dalvíkurskóla skólaárið 2018 – 2019	10
Helstu verkefni fjárhagsárið 2018	12
Samstarfsverkefni með öðrum stofnunum	13
Megin verkefni fjárhagsárið 2019	14
Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2019	14
Lykiltölur	14
Framtíðarsýn til 2021 (3ja ára áætlun)	15
Frístund	16
Leiðarljós	16
Hlutverk	16
Helstu verkefni fjárhagsárið 2018	16
Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2019	16
Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2019	16
Lykiltölur	17
Framtíðarsýn til 2021 (3ja. ára áætlun)	17
Árskógarskóli	18

Leiðarljós	18
Hlutverk	18
Helstu verkefni og innra starf	18
Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)	19
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	19
Meginverkefni næsta árs (2019)	20
Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn árið 2019.....	20
Greinargerð um breytingar og nýmæli.....	21
Húsnæðismál	21
Starfsmannamál	21
Lykiltölur	21
3ja ára áætlun.....	22
Forsendur	22
Krílakot	23
Leiðarljós	23
Hlutverk	23
Helstu verkefni yfirstandandi árs 2018	23
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:	24
Meginverkefni næsta árs (2019)	25
Starfsmannamál	25
Greinargerð um breytingar og nýmæli.....	26
Húsnæðismál	26
Lykiltölur	26
3ja ára áætlun.....	27
Forsendur	27
Sí og endurmenntun 3ja ára áætlun.....	28
Tónlistarskólinn á Tröllaskaga	29
Leiðarljós	29
Hlutverk	29
Helstu verkefni og innra starf	29
Helstu verkefni á yfirstandandi ári 2018	30
Helstu verkefni á komandi skólaári 2019	30
Upplýsingaflæði.....	31
Lykiltölur	32

Þriggja ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni.....	32
Bókasafn Dalvíkurbyggðar	33
Leiðarljós	33
Hlutverk	33
Helstu verkefni og innra starf	33
Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)	34
Skólaheimsóknir	35
Hugleiðsluhádegi	35
Hádegisfyrirlestrar	35
Sögustundir á pólsku	36
Samverustundir	36
Foreldramorgnar	37
Samfélagsmiðlar og heimasíðan.....	37
Rafbókasafnið	38
Sumarlestur, bókaskjóður, bókakassar, ferðavísar og söguboltinn	38
Upplýsingamiðstöð ferðamanna	38
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	39
Meginverkefni næsta árs (2019)	39
Upplýsingamiðstöðin.....	40
Verkefni sem byrjað var á 2018 sem mögulega halda áfram inn á árið.....	40
Greinagerð um breytingar og nýmæli	41
Lykiltölur	41
Þriggja ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni.....	42
Héraðsskjala- og listaverkasafn Svarfdæla	43
Leiðarljós	43
Hlutverk	43
Helstu verkefni og innra starf.....	43
Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)	44
Meginverkefni næsta árs (2019)	45
Greinagerð um breytingar og nýmæli	46
Lykiltölur/mælikvarðar	46
3ja ára áætlun.....	47
Byggðasafnið Hvoll	48
Leiðarljós	48

Hlutverk	48
Helstu verkefni og innra starf	48
Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)	48
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	48
Meginverkefni næsta árs (2019)	48
Verkefni sem byrjað var á 2018 sem mögulega halda áfram inn á árið 2019	48
Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2019	48
Húsnæðismál	49
Starfsmannamál	49
Lykiltölur	49
3ja ára áætlun.....	49
Forsendur	49
Víkurröst/Barna- og unglingastarf – félagsmiðstöð	50
Leiðarljós	50
Hlutverk	50
Helstu verkefni og innra starf	50
Helstu verkefni yfirstandandi árs og áfram 2019	51
Meginverkefni næsta árs (2019)	51
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	51
Húsnæðismál	52
Starfsmannamál	52
Lykiltölur	52
Íþróttamiðstöðin á Dalvík.....	53
Leiðarljós og hlutverk	53
Helstu verkefni og innra starf	53
Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018) og áfram 2019.....	53
Meginverkefni næsta árs (2019)	54
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	54
Starfsmannamál	54
Lykiltölur	54
3ja ára áætlun.....	54
Vinnuskóli Dalvíkurbyggðar	55
Leiðarljós/Hlutverk	55
Helstu verkefni og innra starf	55



DALVÍKURBYGGÐ

Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018) og áfram 2019.....	55
Meginverkefni næsta árs (2019)	56
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum	56
Greinargerð um breytingar og nýmæli.....	56
Húsnæðismál	56
Starfsmannamál	56
Lykiltölur	56
Tjaldsvæðið á Dalvík.....	57

Skrifstofa fræðslu- og menningarmála

Leiðarljós

Að Dalvíkurbyggð sé öflugt lærdómssamfélag án fordóma. Að skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að allir séu virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Að þeir einstaklingar sem fara frá skólunum séu tilbúnir til að takast á við eigin framtíð. Grunnur að góðu samfélagi er blómlegt menningarlíf og grasrótastarf sem byggir á þeim mannauði sem íbúar sveitarfélagsins mynda og varðveita. Áhersla er lögð á lýðheilsu og metnaður lagður í uppbyggjandi frístundir og faglegt starf.

Hlutverk

Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar starfar samkvæmt lögum um æskulýðsmál, menningarmál, leik-, grunn-, og tónlistarskóla og samkvæmt sameiginlegri skólastefnu fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Hlutverk skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs er margþætt en skrifstofan fer með málefni fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsmála. Fagráðin sem starfa með skrifstofunni eru fræðsluráð, menningarráð, íþrótt- og æskulýðsráð, skólanefnd Tónlistarskólans á Tröllaskaga og byggðaráð þegar við á.

Helstu verkefni skrifstofunnar

- Að hafa frumkvæði að stefnumótun þegar við á og taka þátt í stefnumótunarvinnu með stofnunum sviðsins.
- Stuðla að því, með þeim úrræðum sem hún hefur, að hver stofnun verði framúrskarandi á sínu sviði.
- Veita stjórnendum, starfsmönnum og þegar við á íþróttafélögum stuðning við margvísleg verkefni, s.s. starfsmannamál, fjármál og styrkumsóknir.
- Veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum ráðgjöf þegar eftir því er leitað.
- Eftirlit með innra og ytra mati á skólum.
- Stuðla að því að börn í sveitarfélaginu fái góða þjónustu, hvort sem snýr að kennslu eða frístundum, og að allir íbúar og gestir hafi fjölbreytt tækifæri til frístundaiðkunar.
- Stuðla að því að blómlegt menningarlíf sé í boði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins og að grasrótastarfsemi dafni.
- Gera samninga við verktaka, samstarfsaðila og styrkþega.
- Fylgja eftir að fjármunum sviðsins sé varið á skilvirkan hátt og nýting þeirra stuðli að framþróun og háu þjónustustigi.
- Starfsfólk er í miklum samskiptum við fjölda aðila og leggur sig fram um að veita góða þjónustu í störfum sínum.

Ytri viðskipavinir fræðslu- og menningarsviðs

- Íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi skóla Dalvíkurbyggðar, íþrótt- og æskulýðsstarf og starfsemi safna.
- Ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Innri viðskiptavinir fræðslu- og menningarsviðs

- Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar.
- Fagsvið sveitarfélagsins.
- Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins, Íþróttamiðstöð, Félagsmiðstöðin Týr, Byggðasafnið Hvoll, Bóka- og héraðsskjalasafn og Tónlistarskólinn á Tröllaskaga.
- Starfsmenn Dalvíkurbyggðar sem sinna fræðslumálum, íþrótt- og tómstundastarfi, menningar- og safnamálum.

Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2018

Helstu verkefni starfsmanna á skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs er að sinna leik- og grunnskólum Dalvíkurbyggðar, menningar-, íþrótt- og æskulýðsmálum og stjórnsýsluverkefnum er varða þessa málaflokka. Þeir hafa yfirumsjón með sérfræðiráðgjöf og sérfræðiaðstoð við undirstofnanir og hafa eftirlit með að allt faglegt starf sé í samræmi við lög, reglugerðir og stefnur sveitarfélagsins. Árlega er lagt formlegt mat á skólustarf og tillögur gerðar að umbótum.

Skrifstofan afgreiðir erindi í umboði nefnda, eftir því sem viðkomandi nefnd ákveður. Hún hefur auk þess frumkvæði að nýsköpun og þróun í uppeldis- og fræðslumálum og tekur þátt í ýmsum þverfaglegum verkefnum sveitarfélagsins, t.d. forvarnarstarfi. Sviðsstjóri og kennsluráðgjafi eru skólastjórum og kennurum til aðstoðar og ráðgjafar í málum sem snúa að starfsmönnum, nemendum og foreldrum og einnig hvað varðar kennslu, eineltismál, lög og reglugerðir.

Starfsfólk skrifstofunnar hefur umsjón með áætlanagerð fyrir leikskóla, grunnskóla, Tónlistarskólann á Tröllaskaga, Byggðasafnið Hvol, Bóka- og héraðsskjalasafn og íþrótt- og æskulýðsmál. Það aðstoðar við þróunarstarf, að skipuleggja fræðslufundi, kennaranámskeið o.fl. og sér um rekstur, eftirlit og mat á starfsemi vinnuskóla og sumarúrræða.

- Fræðslufundur haldinn í Menningarhúsinu Bergi um kvíða barna og unglinga.
- Þátttaka í haust- og vorfundum Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda á fræðsluskrifstofum.
- Innleiðing á læsisstefnunni – [Læsi er lykillinn.](#)
- Gerð málstefnu Dalvíkurbyggðar
- Skólar á grænni grein – Grænfánaverkefnið.
- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð.

- Nemendur grunnskólanna fengu í fyrsta sinn endurgjaldslaus ritföng haustið 2017.
- Verkefnastjóri Uppbyggingarstefnunnar í Dalvíkurskóla kom til samstarfs um að efla starf í anda Uppbyggingarstefnunnar í öllum stofnunum Dalvíkurbyggðar þar sem börnum er veitt þjónusta.
- Rafræn útgáfa á [fréttabréfi fræðslu- og menningarsviðs](#) leit dagsins ljós.
- Samstarfsáætlun Dalvíkurskóla og Krílakots uppfærð með fulltrúum starfsfólks skólanna.
- Kennsluráðgjafi sótti námskeið sem haldin voru fyrir leik- og grunnskólakennara hér í Dalvíkurbyggð og nokkrar af menntabúðum Eymenntar.
- Kennsluráðgjafi sótti námskeið um ytra mat á vegum Menntamálastofnunar.
- Unnið að því að bæta hluta Fræðslu- og menningarsviðs á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.
- Heimasíður allra skólanna yfirfarnar og gerðar tillögur til úrbóta.
- Kennsluráðgjafi sat áfram í vinnuhópi um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla sem fundaði hálfmánaðarlega á skólaárinu.
- Kennsluráðgjafi lagði LOGOS próf fyrir nemendur í 10. bekk og skimaði talna- og aðgerðaskilning í 1. bekk.
- Unnið var að bættu innra mati skólanna.
- Endurbætur innan sem utandyra á húsnæði Víkurrastar.
- Undirritaður var leigusamningur til 10 ára við Bakkabjörg ehf. vegna Rima – félagsheimilis og tjaldstæðis.
- Undirritaður var tímabundinn leigusamningur á Ungó utan starfstíma Leikfélags Dalvíkur til Gísla, Eiríks og Helga ehf.
- Ráðning kennsluráðgjafa á skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs.
- Ráðning skólastjóra við Árskógarskóla.
- Ráðning verkefnastjóra sérkennslu við Krílakot.
- Fjölnota hjólabraut tekin í notkun neðan við sparkvöllinn við Dalvíkurskóla.
- Yfirlitssýning á verkum J.S. Brimars í Gamla skólanum.
- Starfspróunarheimsókn farin í Borgarbyggð ásamt starfsmönnum annarra sviða Dalvíkurbyggðar.

Meginverkefni næsta árs og verkefni sem halda áfram inn á árið 2020

- Fræðslu- og forvarnafundur í samráði við félagsmálasvið.
- Þátttaka og eftirfylgni með mótun menntastefnu til 2030.
- Áfarmhaldandi vinna í eflingu Uppbyggingarstefnunnar í Dalvíkurbyggð.
- Vinna við gerð fjölmennningarstefnu þegar málstefna Dalvíkurbyggðar liggur fyrir.
- Stuðningur við uppfærslu á skólanámskrá/starfsáætlunum Krílakots.
- Leggja fyrir árlegar foreldra og starfsmannakannanir.
- Uppfærslur og endurbætur á heimasíðum stofnana sem heyra undir fræðslu- og menningarsvið.

- Stuðningur vegna endurmenntunar starfsmanna á fræðslu- og menningarsviði.
- Starfspróunarheimsóknir í önnur sveitarfélög og/eða í víxlþjálfun.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

- Hækkun mótframlags Dalvíkurbyggðar til skólamáltíða grunnskólastigs frá og með 1. janúar 2019.
- Starf íprótta- og æskulýðsfulltrúa endurskoðað með áherslu á eflingu félagsmiðstöðvar.
- Safnamál Dalvíkurbyggðar í endurskoðun.

Húsnæðismál

- Engar framkvæmdir fyrirhugaðar á skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs.

Starfsmannamál

- Ráðin var nýr kennsluráðgjafi í stað fráfarandi kennsluráðgjafa.
- Ráðin var nýr skólastjóri við samrekin leik- og grunnskóla í Árskógarskóla í stað fráfarandi skólastjóra.
- Ráðið í nýja stöðu verkefnastjóra sérkennslu í Krílakoti.

Lykiltölur/mælikvarðar

Nokkrar lykiltölur Fræðslu- og menningarsviðs:	2016	2017	Áætlað 2018	Áætlað 2019
Fjöldi funda fræðsluráðs	11	11	10	10
Fjöldi starfsmanna	3	3	3	3
Fjöldi starfsmanna með háskólapróf	3	3	3	3
Kynjahlutfall starfsmanna (fastráðnir)	33% kvk	33% kvk	33% kvk	33% kvk
Meðalstarfsaldur	10,67	11,67	12,67	7,93
Meðallífaldur	48	49	50	40
Veikindadagar	0	0	3,7	
Veikindadagar barna	0	1	2,63	
Hlutfall starfsmanna sem fóru í starfsmannasamtal	0	0	0	100%
Fjöldi spjaldtölva á starfsmenn	0	0	1	1
Fjöldi farsíma í 100% einkaeign	1	1	1	1
Frávik frá fjárhagsáætlun, málaflokkur 04010	90%	95%	96%	

3ja ára áætlun

Forsendur

Forsendur áætlunar til þriggja ára byggir að stærstum hluta á þeim forsendum sem fram koma í samþykktum um fjárhagsáætlanaferli Dalvíkurbyggðar ár hvert. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda.

- Endurnýjun á tölvu- og hugbúnaði samkvæmt endurnýjunaráætlun.
- Endurnýjun og kaup/áskrift á nýjum hugbúnaði samkvæmt þarfagreiningu.

Dalvíkurskóli

Leiðarljós

Þekking og færni – virðing og vellíðan eru einkunnarorð skólans og er lagt upp með þau í öllu starfinu. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri á sínum forsendum

Hlutverk

Dalvíkurskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og Skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Grunnskólinn er undirbúningur einstaklingsins fyrir frekara nám og til að takast á við lífið. Áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda svo þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við sýbreytilegar aðstæður í framtíðinni. Nauðsynlegt að hver nemandi fái tækifæri til að nýta hæfni sína og áhugasvið svo hann megi sem best þroskast og dafna og ná góðum árangri í námi.

Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2019

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, skólaláttunustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald og kynna fyrir íbúum þess. Skólastjóri grunnskóla stjórnar honum í umboði sveitastjórnar. Skólastjóri gerir tillögur til sveitastjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið að þörfum þeirra og almennri vellíðan.

Helstu verkefni Dalvíkurskóla skólaárið 2018 – 2019

- Samvirkt nám og fjölmennningarlegar kennsluáðferðir. Allir kennarar eiga að halda áfram að nýta þær kennsluáðferðir og samþætta við kennsluna.
- Fagråd verður starfandi í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Ráðið fundar hálf mánaðarlega og skráir fundargerðir og kynni þær fræðsluráði. Fagråd ákveður í samráði við starfsfólk þau forgangsverkefni sem teymi skólans vinna að. Ráðið gerir sér erindisbréf sem það vinnur eftir.
- Unnið verður að endurskoðun námsmatsáætlana og námsmatsáðferða. Starfsmenn fóru til Skotlands í náms- og kynnisferð á starfsdögum í byrjun júní 2018 þar sem þeir kynntu sér uppbyggingu skoska skólakerfisins, leiðsagnarmat og hvernig það birtist í daglegu skólastarfi. Aukin áhersla verður í kjölfarið lögð á að þróa notkun leiðsagnarmats í skólanum.
- Vinnubúðir í Byrjendalæsi verða skipulagðar í samráði við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu.
- Nokkrir kennarar skólans hafa lokið námskeiði í Hugarfrelsi þar sem lögð er áhersla á djúpa öndun, slökun, hugleiðslu og sjálfstyrkingu. Þessar áðferðir hafa reynst börnum

og unglingum vel, aukið einbeitingu þeirra, vellíðan, jákvæða hugsun og styrkt sjálfsmynd. Á skólaárinu munu kennarar halda áfram að styrkja sig í aðferðinni sem stefnt er að nota í öllum árgöngum.

- Dalvíkurskóli vinnur samkvæmt [Þjóðarsáttmála um læsi](#) og að hausti, eftir áramót og að vori fara fram skipulagðir lestrarsprettir í öllum bekkjum skólans. Auk þess er heimalestri fylgt eftir af kennurum í öllum bekkjum.
- Áfram verður unnið að því að þróa upplýsingatækni í skólastarfi og auka notkun á spjaldtölvum í námi. Dalvíkurskóli tekur m.a. þátt í samstarfi um eflingu upplýsingatækni á skólastarfi með fimm öðrum skólum í Eyjafirði og munu samstarfsskólarnir, þar með talinn Dalvíkurskóli, standa fyrir menntabúðum í upplýsingatækni á skólaárinu 2018 – 2019. Þá munu fulltrúar skólans sækja upplýsingatækniráðstefnu á Sauðárkróki í nóvember. Þá hlaut skólinn styrk til að efla kennara í forritunarkennslu næsta skólaár.
- Áfram verður unnið markvisst eftir framkvæmdaáætlun í umhverfismálum í Dalvíkurskóla og stefnt að því að skólinn flaggi grænfánanum í fimmta sinn vorið 2020.
- Áfram er unnið með teymisvinnu í skólastarfinu. Öll teymi hafa nú umsjón og utan umhald um tvo árganga, 1. – 2. bekkur, 3. – 4. bekkur, 5. – 6. bekkur, 7. – 8. bekkur og 9. – 10. bekkur. Í vetur munu teymin einnig mynda leshópa þar sem valdar greinar um teymiskennslu verða lesnar og ræddar. Þá mun *Fagráð* skólans vinna með teymunum að innleiðingu starfshátta sem taldir eru vænlegir til árangurs.
- Allir kennarar þurfa að skila [kennsluáætlunum](#) fyrir skólaárið samkvæmt samræmdu eyðublaði. Einnig gera kennarar vikuáætlanir sem eru aðgengilegar á vinnusvæði þeirra.
- Unnið verður eftir umbótaáætlun í kjölfarið á innramatsskýrslu Dalvíkurskóla.
- Samstarf verður áfram við Tónlistarskólann á Tröllaskaga sem sér um tónmenntakennslu í skólanum.
- Unnið verður áfram að því að styrkja kennara í kennslu í stærðfræði á yngsta – og miðstigi.
- Þróunarverkefnið „*Gerum gott betra*“ sem styrkt er af Sprotasjóði, verður unnið í samstarfi við tvo aðra skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu. Er það verkefni til að styrkja skóla í aga– og hegðunarmálum. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfari skólans verða leiðtogar Dalvíkurskóla.
 - Þróunar/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem verða starfandi skólaárið 2018– 2019:
 - **Umhverfisnefnd:** Vinnur að verkefnum til að viðhalda Grænfánanum, vinnur að stefnumótun í umhverfismálum, gerð framkvæmdaáætlunar, velur forgangsverkefni og fylgir þeim eftir.
 - **Eineltisteymi/samskiptateymi:** Fylgir eftir stefnu skólans í vörnum gegn einelti, vinnur að forvörnum og úrlausnum eineltismála.
 - **Fagráð verður starfandi við skólann:** Hópurinn fundar hálfsmánaðarlega. Kennsluráðgjafi á skólaskrifstofu Dalvíkurbyggðar vinnur með hópnum og skilar fundargerðum til fræðsluráðs. Hlutverk fagráðs er að styðja við faglegt starf í

Dalvíkurskóla og vera upplýsandi fyrir fræðsluráð Dalvíkurbyggðar um starf skólans. Einnig mun Fagráð vera leiðandi í vinnu við leiðsagnarmat í Dalvíkurskóla.

- **Stýrihópur um innra mat skólans:** Vinnur að innra mati skólans og gerir þriggja ára áætlun um hvað skuli meta, hvenær og hvernig. Fylgir eftir að unnið sé markvisst eftir umbótaáætlun sem kemur fram í innramatsskýrslu skólans. Hópurinn sér um að skrifa innramatsskýrslu Dalvíkurskóla.
- **Stýrihópur um uppsetningu verkefna og hönnun:** Skipuleggur og heldur utan um verkefni nemenda sem hengd eru upp á veggi skólans.
- **Stýrihópur um læsi:** Vinnur að eflingu læsis, stefnumótun og framkvæmd [læsisstefnu skólans](#) og Dalvíkurbyggðar í skólanum.
- **Námssamfélag stærðfræðikennara:** Samsett af stærðfræðikennurum skólans og er starfsþróunarverkefni sem miðar að því að efla hæfni kennara og árangur nemenda. Stýrihópurinn vinnur verkefnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.

Helstu verkefni fjárhagsárið 2018

- Áfram var unnið markvisst að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Stýrihópur um bættan námsárangur, sem stofnaður var á vordögum 2015, hélt áfram störfum. Fundir voru hálfsmánaðarlega og fundargerðir skráðar. Hópurinn ákvað sameiginleg forgangsverkefni og kom upplýsingum þar að lútandi til teyma skólans sem unnu að því að koma þeim í framkvæmd í skólastarfinu. Starfshópurinn hefur lokið störfum og skilaði skýrslu varðandi þessi þrjú ár sem hann starfaði. Sú skýrsla var lögð fram til umsagnar í Fræðsluráði Dalvíkurbyggðar í maí 2018 sem lagði til að farið yrði að tillögu starfshópsins um að fagráð taki við keflinu.
- Unnið var að endurskoðun á markmiðasetningu námsgreina og er því verki nánast lokið.
- Haldið var áfram að vinna að snemmtækri íhlutun í lestri og stærðfræði sem hefur skilað góðum árangri.
- Unnið var með fjölmennningarlegar kennsluáðferðir sem höfða til mismunandi hæfni nemenda.
- Markvisst var unnið með lestrar – PALS í yngri bekkjum skólans.
- Skimunarpróf í læsi frá MMS, *Lesferill*, voru notuð í öllum árgöngum og niðurstöður þeirra nýttar í þágu nemenda.
- Samvinna við eldri borgara varðandi lestur hélt áfram sem og skipulagðir lestrarsprettum í öllum árgögnum.
- Í samvinnu við fræðslusvið var nánast lokið við endurgerð [læsisstefnu Dalvíkurskóla](#) samhliða því að tekin var ákvörðun um að stefnan [Læsi er lykillinn](#) yrði læsisstefna fyrir sveitarfélagið í heild.
- Nemendaverndarráð heldur fundi mánaðarlega. Það hefur skilgreint hlutverk samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008.

- Stoðteymi starfar við Dalvíkurskóla. Í því sitja verkefnastjóri sérkennslu, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari, náms- og starfsráðgjafi og deildarstjórar. Hlutverk þess er að leita stuðningsúrræða fyrir nemendur sem af einhverjum ástæðum eiga undir högg að sækja í skólanum og meta hvenær vísa þurfi málum alla leið til nemendaverndarráðs. Stoðteymið kallar til umsjónarkennara og aðra kennara þegar þörf er á.
- Stjórnendur eru með fasta fundartíma tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 08:15 – 10:00 og á föstudögum kl. 12:45 – 14:00.
- Haldið var áfram að efla nemendalýðræði. *Námsnefnd* skipuð fulltrúum nemenda á unglíngastigi og fulltrúum kennara veittu ráðgjöf og aðhald um ýmislegt varðandi nám og kennslu. Nefndin fundaði mánaðarlega.
- Haldið var áfram með þróun teymisvinnu kennara sem kennarar hafa verið mjög ánægðir með.
- Kennsluráðgjafi fræðsluviðs fundaði með kennarateyimum ef þess var óskað bæði frá teyimum og stjórnendum.
- Áfram var unnið að þróun upplýsingatækni í skólalastarfinu. Samstarfi haldið áfram við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu og með þeim haldnar sex menntabúðir á skólaárinu. Endurmenntunarsjóður grunnskóla styrkti verkefnið.
- Unnið var að umhverfismálum í *Grænfánaverkefninu-Skóli á grænni grein. Grænfánanum* var flaggað í fjórða sinn nú á vordögum.
- Unnið var eftir *Uppbyggingarstefnunni*. Verkefnastjóri kynnti hana fyrir nýju starfsfólki í haust.
- Unnið var markvisst að því að styrkja stærðfræðikennslu á yngra – og miðstigi í samráði við Háskólann á Akureyri.
- Hugurþjálfun er líkamsrækt hugans. Þróunarverkefni sem Gunnhildur Birnisdóttir verkefnastjóri sérkennslu sá um.
- Þróunar/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem voru starfandi skólaárið 2017– 2018:
 - Samskipta – og hegðunarteymi (Eineltisteymi)
 - Umhverfisnefnd
 - Stýrihópur um læsi
 - Uppsetningar- og hönnunarteymi
 - Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun
 - Stýrihópur um bættan námsárangur

Samstarfsverkefni með öðrum stofnunum

- Samstarf var við Tónlistarskóla á Tröllaskaga um tónmenntakennslu í skólanum og fór sú kennsla fram í húsnæði Dalvíkurskóla. Gerður er skriflegur samstarfssamningur við TÁT fyrir hvert skólaár.
- Samstarf var við félag eldri borgara á Dalvík, þar sem þeir koma inn í skólann og aðstoða með lestur á yngra stigi. Einnig fara nemendur í sérstakar spilastundir í Mímisbrunn sem er húsnæði félags aldraðra á Dalvík.

- Samstarf er við leikskólann Krílakot um nám elstu barna þar og 1. bekkjar í Dalvíkurskóla. Markvisst ferli er í því hvernig tilfærslu milli skólastiganna er hagað.
- Bókasafn Dalvíkurskóla og Bókasafn Dalvíkurbyggðar eiga með sér samstarf um millisafnalán. Auk þess sem nemendur skólans heimsækja bókasafn Dalvíkurbyggðar undir leiðsögn starfsmanns bókasafnsins og kennara sinna.
- Gott samstarf er við Félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar, Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar og Heilsugæslu Dalvíkur.
- Gott samstarf hefur verið við fyrirtæki í Dalvíkurbyggð um að taka nemendur í tímabundið starfsnám.

Megin verkefni fjárhagsárið 2019

- Fagráð mun starfa við skólann og funda hálf mánaðarlega. Fundargerðum er skilað til fræðsluráðs. Hlutverk fagráðs verður að styðja við og aðstoða stjórnendur við faglegt skólastarf.
- Haldið verður áfram að efla fjölmennningarlega kennsluhætti með því að nýta þær hugmyndir sem við höfum kynnt okkur.
- Skólareglur verða teknar til endurskoðunar á skólaárinu 2018 – 2019 og mun sú vinna klárast haustið 2019.
- Vinna með skólum á Akureyri og HA með það að markmiði að styrkja stærðfræðikennslu á mið – og yngsta stigi. Kennsluráðgjafi á fræðsluviði tekur einnig þátt í verkefninu.
- Skólastjórnendur í Dalvíkurskóla fara á ESHA – ráðstefnu í Tallin 16. – 23. okt. Þangað fara um 100 skólastjórar af öllu landinu.
- Vinna að innleiðingu nýrra persónuverndarlaga. Markmiðið verður að klára persónuverndarstefnu Dalvíkurskóla á skólaárinu 2018 – 2019.

Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2019

EKKI verða miklar breytingar á starfsemi skólans, nemendafjöldi verður svipaðu næstu árin. Unnið verður áfram í hönnun á skólalóð Dalvíkurskóla og stefnt er að því að loka drög fari inn í umhverfisráð og til samþykktar í Sveitastjórn. Mikilvægt er að gera framkvæmdaáætlun til 3 ára og klára skólalóð á þeim tíma.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur Dalvíkurskóla	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Nemendafjöldi	226	220	220	219
Starfsmannafjöldi	50	47	48	48
Meðalstarfsaldur á starfsstað	7,9	7,5	7,6	8
Heildarfjöldi stöðugilda	39,29	37,99	38,92	38,99
Fjöldi stjórnenda/stöðugildi í stj	3/2	3/2	3/2	3/2
Fjöldi stöðugilda kennara	21,39	21,3	20	20,5
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	4,89	4,19	4,89	4,89
Fjöldi annarra stöðugilda	11,01	10,5	10,5	10,5
Heildarstærð húsnæðis (fm)	3051	3051	3051	3051

Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	24	24	22	42
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	29	32	50	39
Fjöldi spjaldtölva	53	75	78	68
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	4,94	5,08	4,79	5,02
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	56,36	58	48,54	46,97
Heildarfjöldi launalausra frídaga	94	133	79	56
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk fjarverandi	178,75	205	125	86
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	72%	87%	88%	92%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	84%	68%	70%	58%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	97%	94%	97%	98,43%
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	88%	88%	97%	93%
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	69%	90%	81%	81%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	92%	95%	100%	95,24%
Hlutfall starfsfólk sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mán	100%	97,50%	100%	90,48%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	69%	85%	77%	95,24%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	4%	2%	2%	2%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	18,30%	18%	16%	17%
Kynjahlutfall nemenda (kvk)	46,7%	45,7%	43,60%	45%
Kynjahlutfall starfsfólks (kvk)	80,4%	81,25%	80%	84%
Frávik í fjárhagsáætlun	103,60%	104%	101%	106%

Framtíðarsýn til 2021 (3ja ára áætlun)

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu – og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Lóð Dalvíkurskóla verði hönnuð í heild sinni og í kjölfarið verði tímasett framkvæmdaáætlun til 3ja ára lögð fyrir sveitastjórn.
- Haldið verði áfram að vinna eftir úrbótaáætlun frá iðjubjálfa sem tók út vinnuástöðu starfsmanna.
- Gera á ráð fyrir myndavélakerfi við skólann bæði inni og úti.
- Endurnýja eitt bekkjarsett af húsgögnum í eina kennslustofu á næstu árum.
- Innleiða þær kröfur og breytingar sem gerðar eru varðandi ný persónuverndarlög.

Frístund

Leiðarljós

Að börnum líði vel og þau fái notið sín í frjálsum leik á sínum forsendum og eigi jákvæð samskipti við önnur börn.

Hlutverk

Markmið *Frístundar* er að sameina uppeldi og menntun við hæfi barna sem *Frístundar* njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum. Áhersla er lögð á frjálsan leik, þar sem þetta er í raun frítími barnanna. Einnig er heimanám í boði, hópastarf og skapandi verkefni.

Helstu verkefni fjárhagsárið 2018

- Starfsmaður Frístundar sat fundi hjá yngsta stigi í Dalvíkurskóla einu sinni í mánuði.
- Koma sér fyrir í nýju húsnæði Dalvíkurskóla og aðlagast því.
- Starfsfólk Frístundar fór með Dalvíkurskóla í námsferð til Skotlands og kynnti sér skóla þar.

Helstu verkefni og innra starf fjárhagsárið 2019

Frístund er rekin sem sjálfstæð rekstrareining hjá Dalvíkurbyggð og er hún fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Skólastjóri Dalvíkurskóla er ábyrgur fyrir starfsemi Frístundar. Foreldrar skrá börn í Frístund hjá skólaritara Dalvíkurskóla. Skólaritari sendir upplýsingar um Frístund til foreldra nemenda í 1. – 4. bekk áður en skóli byrjar.

- Setja dagskipulag á heimasíðu Dalvíkurskóla.
- Auka tengsl Frístundar við starfið í Dalvíkurskóla og samræma reglur.
- Skilgreina betur hvað er gert í *Frístund* og upplýsa foreldra.
- Þróa innra mat á *Frístund* í samvinnu við fræðsluvið Dalvíkurbyggðar.
- Skoða leiðir til að gera samskipti og upplýsingagjöf til foreldra skilvirkari, til dæmis með því að nota Námfús eða samfélagsmiðla.
- Auka tengsl *Frístundar* við kennarateymi í Dalvíkurskóla.
- Að starfsmaður Frístundar sitji fundi með kennarateymi yngsta stigs einu sinni í mánuði.
- Aukin tengsl milli Bókasafns Dalvíkurskóla og *Frístundar* með það að leiðarljósi að auka færni í lestri.
- Vinna að því að starfsfólk Frístundar tengist starfsfólki Dalvíkurskóla betur.
- Að aðstoða áfram þá nemendur sem þess þurfa með heimanám.

Fyrirhugaðar breytingar fjárhagsárið 2019

Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á húsnæði frístundar. Gert er ráð fyrir að Frístund nýti það húsnæði sem tilheyrir Dalvíkurskóla eftir kl. 13:35. Barnafjöldi hefur verið að aukast og þeir nemendur sem hafa þurft stuðning.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur frístundar	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Fjöldi barna sem skráð eru í Frístund	28	34	21	
Fjöldi starfsmanna	2	3	3	2
Fjöldi stöðugilda	0,8	1,19	1,02	0,84
Fjöldi klst. í vistunartíma pr.mánuð	853	841	619,5	
Frávik frá fjárhagsáætlun	0,88%	0,73%	0,84%	

Framtíðarsýn til 2021 (3ja. ára áætlun)

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu – og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Að gera aðstöðu í Frístund heimilislega og aðlaðandi fyrir nemendur.

Árskógar skóli

Leiðarljós

Hornsteinar skólans eru myndaðir úr staðarheitinu ÁRSKÓGUR -NámsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRÐing.

Árskógar skóli er athvarf nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli á leik- og grunnskólastigi þar sem hver og einn fær tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum í leik, námi og starfi.

Hlutverk

Árskógar skóli er fyrir börn frá 9 mánaða til 12 ára aldurs eða við lok 7. bekkjar grunnskóla. Árskógar skóli starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 og vinnur eftir *aðalnámskrám leik- og grunnskóla frá 2013 og Skólastefnu Dalvíkurbyggðar*. Skólinn er undirbúningur barns til frekara náms og þroska og til að takast á við lífið í þeim síbreytilega heimi sem við búum við í dag. Að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska hvers barns.

Helstu verkefni og innra starf

- Framkvæmd náms og kennslu er meginverkefni skólans.
- Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.
- Leikskólinn annast í samvinnu við foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við markmið laga.
- Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri. Öllum börnum á aldrinum 6–16 ára er skylt að sækja grunnskóla.
- Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, [skólaláþjónustu], mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu.
- Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.
- Nemendaverndarráð sem einnig gegnir hlutverki eineltisteymis er starfandi við skólann. Ráðið fundar sex sinnum á ári.
- Skóla- og foreldraráð, þvert á skólastig, er starfandi við skólann og fjallar um starfið, námsumhverfið og fleira samkvæmt hlutverki sínu í lögum.
- Skólastjórnendur gefa út fréttabréf og viðburðadagatal í hverjum mánuði.
- Skólastjóri sendir starfsfólki póst í hverri viku þar sem kemur fram hvað sé fram undan í skólastarfinu.

- Upplýsingakerfið Námfús er notað sem rafrænn upplýsingamiðill fyrir foreldra. Tilgangurinn með kerfinu er að foreldrar fái upplýsingar um framvindu náms, þroska og líðan barna sinna.
- Heimasíða Árskógar skóla og facebook síða eru virkar og efni aðgengilegt og uppfært reglulega. Þar er að finna allar upplýsingar sem snerta skólstarfið m.a. skólanámskrá, starfsáætlun og kennsluáætlanir.
- Nánar um lög, reglugerðir, aðalnámskrár má lesa hér á [heimasíðu skólans](#).

Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)

- Áframhaldandi vinna að markmiðum í umhverfismennt tengdum Grænfána.
- Skólalæping um grunnþáttinn *Grænfáni* var haldið vorið 2018.
- Þjónustustefna Dalvíkurbyggðar kynnt starfsfólki.
- Haldið áfram að vinna með PALS í lestrarþjálfun og stærðfræði PALS, hvoru tveggja á leik- og grunnskólastigi.
- Skimunarpróf í læsi og Lesferill frá Menntamálastofnun. *Lesferill* lagður fyrir þrisvar yfir árið í öllum bekkjum grunnskólans.
- Facebooksíða notuð fyrir foreldra með það markmiði að gera starfið sýnilegra og auka möguleika foreldra á að eiga samtál við barnið sitt um skóladaginn.
- Börn sem byrja á Kötlukoti-leikskólastig fá blað heim með punktum og leiðum fyrir foreldra til að styðja við þroska barna sinna. Inntak þeirra upplýsinga er málþroski, stærðfræði, félagsþroski og uppbyggingarstefnan.
- Málörvunarvinna var stór þáttur í starfi leikskólans en þörfin var mikil.
- Heimasíðan var reglulega uppfærð með helstu upplýsingum sem snúa að skólstarfi.
- Krakkajóga fyrir alla nemendur skólans var í boði foreldrafélagsins tvisvar í viku í janúar, febrúar og mars. Kennari kom frá Akureyri.
- Áhersla á lífsleiknikennslu gegnum bekkjafundi og verkfæri Uppbyggingarstefnunnar nýtt. Valdís Guðbrandsdóttir var með kynningu fyrir nýja starfsmenn og upprifjun fyrir aðra á haustönn.
- Samkennsla leik- og grunnskólastigs með áherslu á íslensku og stærðfræði.
- Nýr skólastjóri tók við 1. ágúst og hafði umsjón með félagsheimilinu í Árskógi frá 1. september.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Bókasafnið á Dalvík sendir reglulega bókakassa í skólann til að auka úrval bóka. Nemendur skólans heimsækja safnið reglulega.
- Reglulega eru haldnar rýmingaræfingar með slökkviliði.
- Samvinna við félagsmálasvið um málefni nemenda, nemendaverndarráð.
- Sameiginlegur starfsdagur allra starfsmanna Dalvíkurbyggðar.
- Tónlistarskólakennarar kenna nemendum á skólatíma. Einnig sinnir kennari frá Tónlistarskólanum tónmenntakennslu í 1.-5. bekk og er með söng og spilastund á leikskólastigi.

- 1. bekkur fer á skíði í boði Skíðafélags Dalvíkur.
- Þróun útikennslustofu í samvinnu við umhverfisstjóra.
- Þroskaþjálfari kemur vikulega í skólann frá Dalvíkurskóla. Þaðan koma einnig iðjubjálfari og námsráðgjafi eftir þörfum hverju sinni.

Meginverkefni næsta árs (2019)

- Málörvunarvinnu í samvinnu við talmeinafræðinga.
- Þróun smiðja í list- og verkgreinum.
- Aðgengi að sálfræðipjónustu þarf að tryggja.
- Útiskólakennsla eflid og haldið áfram uppbyggingu útiskólasvæðis.
- Gerð og innleiðing læsisstefnu Árskógarskóla.
- Þátttaka vorið 2018 í könnun á námi og líðan nemenda á yngsta stigi grunnskóla með Skólapulsinum.
- Endurskoða þarf uppsetningu skýrslu um innra mat í samstarfi við fræðsluvið.
- Áfram unnið að verkfærum/matstækjum fyrir kennara til snemmtækrar íhlutunar í námi nemenda á leik- og grunnskólastigi í samvinnu við kennsluráðgjafa, þroskaþjálfara og aðra sérfræðinga.
- Viðhalda notkun á verkfærum Uppbyggingarstefnunnar og fræðslu um hana.
- Kennarar og skólastjóri vinna sérstaklega að bættum námsárangri í lestri og stærðfræði í Árskógarskóla. Rýnt verður í niðurstöður staðlaðra prófa til að fá vísbendingar um bættu kennsluhætti. Sértekur stuðningur við nemendur sem víkja frá bekkjarnámskrá birtist í ráðgjöf við nemendur, foreldra og kennara en einnig í formi sérkennslu og heimapakka.
- Unnið með PALS á öllum stigum skólans og Byrjendalæsi á elsta stigi leikskólans og yngsta stigi grunnskólans.

Ný verkefni og verkefni í sývinnslu inn árið 2019

- Læsisstefna Árskógarskóla.
- Uppbyggingarstefnan.
- Skóli á grænni grein-Grænfáni.
- Þróun smiðja í list- og verkgreinum.
- Innleiðing velferðarstefnu-velferðarsamtals.
- Bekkjarnámskrár unnar í öllum fögum
- Kennsluáætlanir unnar frá grunni þar sem stuðst er við bekkjarnámskrá. Formið samræmt á milli námsgreina og bekkja.
- Sérkennsluteymi mynduð í kringum nemendur eftir þörfum þar sem fundað er reglulega með foreldrum.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

Húsnæðismál

- Hljóðeinangrandi loftplötur í eitt leikherbergi í leikskólanum.
- Skipta um gólfduk á heimasvæði grunnskólastigs.
- Lagfæra sprungur og duk á Kötlukoti.
- Mála skólann að utan
- Mála elsta hluta skólans að innan.

Starfsmannamál

Þar sem nemendum og bekkjum hefur fjölgað í Árskógarskóla þarf að huga að ráðningu kennara.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur Árskógarskóla	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Nemendafjöldi	30	39	39	39
Börn á leikskólaaldri	15	17	18	18
Börn á grunnskólaaldri	15	22	21	21
Barngildi leikskólabarna	20,2	21,8	21,7	21,7
Dvalargildi leikskólabarna	108,5	126,6	136,4	136,4
Á virkum biðlista um leikskólaláss	0	0	0	0
Starfsmannafjöldi	11	11	11	13
Meðalstarfsaldur á starfsstað	2,5	3,2	4,2	2,7
Heildarfjöldi stöðugilda	8,75	7,75	8	8,67
Fjöldi stjórnenda	2	2	2	2
Hlutfall stöðugilda kennara	64%	70%	70%	61,5%
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	0	0	0	0
Fjöldi annarra stöðugilda	2,3	2,3	2,3	2,3
Heildarstærð húsnæðis	652,4	652,4	652,4	652,4
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	5	5	8	8
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	12	12	10	10
Fjöldi spjaldtölva	14	14	17	17
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2,9	3,1	7,8	
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	15,5	26	3,8	
Heildarfjöldi launalausra frídaga	44	8	3,8	
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk er fjarverandi	9	17	4,4	
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	100%	100%	100%	100%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	100%	90%	100%	

Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	93%	100%	97%	
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	90%	100%	100%	
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	100%	100%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuðum	100%	100%	100%	
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	100%	100%	100%	
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	0	0	0	0
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	6,3%	5%	5%	
Kynjahlutfall nemenda	59%	60%	51%	51%
Kynjahlutfall starfsfólks (kvk)	83,3%	82%	82%	92%
Frávik í fjárhagsáætlun	99%	98%	91%	

3ja ára áætlun

Þörf er á því að fjölga stöðugildum kennara um eitt. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstri og fjárfestingum í Árskógarskóla árin 2019-2021.

Forsendur

- Árið 2012, þegar Árskógarskóli var stofnaður, var lagt upp með tvo umsjónarkennara í fullu starfi á grunnskólastigi sem skiptu með sér umsjón með 7 bekkjum. Skólaárið 2016-2017 fækkaði bekkjunum niður í 4 og nemendum niður í 15. Þá var tekin sú ákvörðun að hafa aðeins einn umsjónarkennara. Síðan þá hefur nemendum fjölgað (21) og einnig bekkjunum upp í 6 þannig að mikil breidd er í samkennslubekkjum. Það er því brýn þörf á því að hverfa til fyrra skipulags og hafa tvo umsjónakennara til að möguleiki sé að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir.

Krílakot

Leiðarljós

Gleði – sköpun – þor eru einkunnarorð Krílakots. Á Krílakoti er leitast við að sinna uppeldis, umönnunar og menntunarhlutverki til samræmis við aðalnámskrá leikskóla, lög, reglugerðir og skólastefnu Dalvíkurbyggðar.

- Að leitast við að koma ávallt til móts við þarfir og væntingar viðskiptavina sinna samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla, lögum og reglugerðum er gilda um leikskóla sem og reglum og samþykktum sveitarstjórnar.
- Að unnið sé eftir skólastefnu Dalvíkurbyggðar.
- Að starfsmenn Krílakots vinni saman að markmiðum sem samstilltur hópur í samræmi við gildi skólans.
- Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins samkvæmt.
- Að sýna börnum, foreldrum og samstarfsmönnum ávallt jákvætt og vinsamlegt viðmót.

Hlutverk

Leikskólinn Krílakot starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Dalvíkurbyggð býður upp á leikskólanám, ef kostur er, frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára aldurs. Forgang hafa börn frá 2ja - 6 ára.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti ásamt öflun og miðlun upplýsinga og framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess (4. gr. laga um leikskóla nr. 90 frá 2008).

Á Krílakoti dvelja að jafnaði um 100 börn, vistunartími þeirra er frá 4 til 8,75 tímum á dag. Starfsmenn eru rúmlega 30 í stöðuhlutföllum frá 37,5% upp í 100% starf.

Markmið skólans er að leggja grunn að alhliða þroska barna svo þau verði andlega og líkamlega sterkir einstaklingar sem geta tekið þátt í lýðræðisþjóðfélagi á skapandi, virkan og ábyrgan hátt. Leitast er við að skapa hvetjandi námsumhverfi með tilliti til þarfa barnanna og almennri vellíðan þeirra.

Helstu verkefni yfirstandandi árs 2018

- *Fjölmening:* LAP verkefnið okkar var í fullum gangi allt skólaárið.
- *Læsi:* Unnið áfram að innleiðingu *Lubbi finnur málbein og K-PALS* þegar það á við.
- *Stærðfræði:* innleiða nýtt matstæki MIO sem metur stærðfræðifærni leikskólabarna.
- *Mötuneyti:* Allur matur er eldaður frá grunni. Hollusta og mannelismarkmið frá Lýðheilsustöð eru höfð að leiðarljósi sem og gildi og viðmið Heilsuleikskóla.

- *Heilsustefna*: Halda áfram á heilsubraut.
- *Grænfáni*: Viðfangsefni ársins eru áttugi og lýðheilsa
- *Uppeldi til ábyrgðar*: Reglur samræmdar og gerðar sýnilegar. Deildarsáttmálar gerðir fyrir hverja deild.
- *Samverustundir* fyrir pólska nemendur skólans settar á tvisvar sinnum í viku fyrir hvert barn í umsjón pólskra kennara.
- *Reglulegar heimsóknir á Dalbæ*: Tveir elstu árgangarnir fara og syngja fyrir heimilisfólk Dalbæjar
- *Stjórnendafundir*: Vikulegir fundir leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastóra og deildarstjóra. Farið er yfir vikuna og starfið sem fram undan er. Fréttabréf er sent á allt starfsfólk í kjölfarið. Fundargerðir eru skráðar og prentaðar út svo allir starfsmann hafi greiðan aðgang að þeim. Fundargerðir eru einnig skráðar á starfsmannafundum og þeim haldið til haga.
- *Deildafundir*: eru á fimm vikna fresti samkvæmt dagatali.
- Mánaðarlegir fundir leikskólastjóra og deildarstjóra frá og með september 2018.
- Mánaðarlegir fundir leikskólastjóra með sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og öðrum forstöðumönnum á fræðslu- og menningarsviði.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- *Dalvíkurskóli*: Dalvíkurskóli og Krílakot hafa með sér formlegt samstarf sem birtist m.a. í vinnu nemenda að sameiginlegum verkefnum, heimsóknum elstu leikskólabarna í Dalvíkurskóla, heimsóknum nemenda 1. bekkjar í Krílakot og samráðsfundum milli skólastiga. Markmið með samstarfinu eru að auðvelda börnum flutning milli skólastiga og að eðlileg samfella og stígandi skapist í námi þeirra. Einnig að kennarar beggja skóla hittist í þeim tilgangi að efla samstarf og samræðu milli skólastiganna. Krílakot og Dalvíkurskóli eru í samstarfsverkefni með K-PALS þar sem börnin vinna með það á leikskólanum og byrja svo þar sem frá var horfið þegar þau byrja í grunnskólanum.
- *Bókasafn*: Börn af Mánakoti, Kátakoti og Hólakoti heimsækja Bókasafn Dalvíkurbyggðar vikulega. Þar er þeim kynnt starfsemi þess, lesið fyrir þau og farið í leiki.
- *Tónlistarskóli*: Tónlistarkennari er vikulega með tónlistarkennslu fyrir börn af Kátakoti og Hólakoti.
- *Íþróttir*: Börn af Kátakoti og Hólakoti fara einu sinni í viku í Íþróttamiðstöð Dalvíkur.
- *Félagsmálasvið*: Þroskaþjálfari sem starfar á félagsmálasviði situr fundi nemendaverndarráðs sem eru á 6 vikna fresti. Þar er farið yfir málefni einstakara barna og þeim beint í farveg eftir því sem þurfa þykir.
- *Skólaskrifstofa*: Skólaskrifstofa er Krílakoti til stuðnings og utanumhalds eftir þörfum ásamt því að kennsluráðgjafi situr í nemendaverndarráði.
- *Heilsueflandi Dalvíkurbyggð*: Unnið að þessu áfram með öðrum fagsviðum.
- *Fjölmening*: Unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

Meginverkefni næsta árs (2019)

- *Uppbyggingarstefnan:* Haldið áfram þar sem frá var horfið við að innleiða Uppbyggingarstefnuna í samstarfi við verkefnastjóra Uppbyggingarstefnu Dalvíkurbyggðar.
- *LAP:* Haldið áfram að laga LAP að starfi leikskólans. Lokið við handbók fyrir kennara með hugmyndum að verkefnum í fjölmennarlegum leikskóla.
- *Samverustundir* fyrir pólsk börn með pólskum kennara festar í sessi tvisvar í viku.
- *Heilsustefna:* Starfa samkvæmt markmiðum Heilsustefnunnar.
- *Tónlist:* Tónlistarkennari kemur á Krílakot einu sinni í viku. Vinna með Tónar eiga töframál.
- *Grænfáni:* Unnið verður með hnattrænt jafnrétti.
- *Læsi:* Haldið áfram að vinna með *K-PALS* og *Lubba* samkvæmt áætlunum.
- *Áætlanir:* Allar námsáætlanir yfirfarnar og samræmdar áætlanir innleiddar á deildir. Yfirfara á áætlanir um forvarnir, fræðslu- og samstarf við aðrar stofnanir.
- Rýmingaræfing vegna eldsvoða verður haustið 2018 og vorið 2019.
- Fjarverusamtöl innleidd.
- Heimasíða í endurskoðun og efni sett inn til samræmis við aðalnámskrá, lög og reglugerðir.
- Stjórnarfundir eru vikulega þar sem leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastóri og deildarstjórar fara yfir vikuna og það sem er fram undan. Fréttabréf sent á allt starfsfólk eftir fundinn. Fundargerðir eru skráðar á stjórnarfundum og hafa allir starfsmenn aðgang að þeim.
- Deildafundir og starfsmannafundir haldnir samkvæmt skóladagatali.
- Mánaðarlegir fundir leikskólastjóra og deildarstjóra.
- Innleiða námsáætlanir deilda og endurmeta þær mánaðarlega. Hluti af innra mati leikskólans.
- Styrkja okkur enn frekar í Uppbyggingarstefnunni.
- Styrkja okkur enn frekar sem fjölmennarlegur leikskóli.

Starfsmannamál

- Gerð aðgerðaráætlunar í kjölfar skýrslu vinnusálfræðings um vellíðan í vinnunni.
- Vinna þarf að því að skapa svigrúm fyrir starfsmenn að sækja nám og endurmenntun til að efla sig og styrkja í starfi.
- Auka þekkingu á uppeldi til ábyrgðar
- Efla og styrkja fagvitund starfsmanna.
- Fjölga faglærðum starfsmönnum.
- Gera starfsmannasáttmála.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

Húsnæðismál

Gert 2018

- Skilrúm sett fyrir WC á elstu deildum.
- *Litlu lautir* á Hólakoti og Kátakoti málaðar.
- Skiptiborð á Skýjaborg fært.
- Vaskur settur við skiptiborð á Skýjaborg með skol aðstöðu.
- Niðurfali í garði lagfært og hellulagt í kringum það.
- Róla sett á útisvæði yngstu barna.

Óskir fyrir 2019

- Kaupa skjávarpa og sýningartjald.
- Bæta hljóðvist á deildum.
- Auka vellíðan í starfi meðal starfsfólks.
- Setja eldvarnarpumpur á 3 hurðir.
- Mála allt húsið innandyrna fyrir utan 2 herbergi sem máluð voru sumarið 2018.
- Bera á við (leiktæki og grindverk) á leikskólalóð.
- Bæta aðstöðu til útikennslu (skógarreiturinn Böggur) og gera hana markvissari.
- Fá eina tölvu á hverja deild.
- Setja lagnir fyrir þvottavél, þurrkara og vatnsbrunn í ræstigeymslu.
- Setja loftræstingu í vörumóttöku við eldhús.
- Lóð/útileiksvæði stækkað í austur (fótboltavöllur og matjurtagarður).
- Setja skilrúm fyrir WC á Kátakoti.
- Setja hillur undir hólfi í fataklefa.
- Mála bílastæði.
- Setja hillu í litla herbergið á Kátakoti.
- Setja hlið fyrir geymslu í fataklefa.
- Kaupa rafrænan aðgang að Heilsubókinni.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur Krílakots	2016	2017	Áætlað 2018	Áætlað 2019
Nemendafjöldi	100	101	101	101
Barngildi leikskólabarna	117	133,2	131,5	131,5
Dvalargildi leikskólabarna	710	754	743	743
Starfsmannafjöldi	28	34	38	31
Meðalstarfsaldur á starfsstað	8,7/5,6	7,6	5,3	6,2
Heildarfjöldi stöðugilda	22,1	25,43	27,43	27,97
Fjöldi stjórnenda	2/4	6	7	7
Hlutfall stöðugilda leikskólakennara	53%	34%	48,8%	45%

Fjöldi stöðugilda sérfræðinga	0	0,9	0,9	1
Fjöldi annarra stöðugilda	4.5/8,21	10,11	16	12,9
Heildarstærð húsnæðis	369/411 m ²	970 m ²	970 m ²	970 m ²
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk	5	6	6	6
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur	1	0	0	0
Fjöldi spjaldtölva	13	13	17	17
Fjöldi spjaldtölva nemendur	0		0	0
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks (- langtíma)	5,1	11,49	4,6	
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks		18,46	20,3	
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	33,5	99	150,1	
Heildarfjöldi launalausra frídaga (+ólaunað orlof)	75	175	179,4	
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk var fjarverandi	20,88	111,33	59,1	
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun	77%	70%	74%	
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	100%	100%	98,6%	
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	93%	94%	94%	
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun	62%	60%	75%	
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni	100%	100%	100%	
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuðum	100%	83,3%	100%	
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	70%	84%	92%	
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	10,5%	21,4%	16%	12%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	29%	20%	24%	
Kynjahlutfall nemenda (kvk)	53%	51%	55%	
Kynjahlutfall starfsfólks (kvk)	96,7	90,1	90,1	90,1
Frávik í fjárhagsáætlun	98%	103,5%	95,2%	

3ja ára áætlun

Forsendur

Ekki er gert ráð fyrir að gera breytingar á rekstri Krílakots heldur verður áherslan lögð á að styrkja okkur í þeim verkefnum sem við erum í nú þegar. Ljóst er að bæta þarf alla aðstöðu á komandi árum, bæði nemenda og starfsmanna.

Ýmis verkefni - 3ja ára áætlun

- Áframhaldandi endurbætur á hljóðvist inn á á deildum.
- Hvetja starfsmenn til sí- og endurmenntunar.
- Námsferð starfsmanna 2020 í tengslum við Uppbyggingarstefnuna eða Grænfána og útikennslu.
- Stofna faghópa innan skólans.
- Stofna matsteymi innan skólans.
- Gera matsáætlanir.
- Útbúa merki til upplýsinga um hönnuð leikskólalóðar og hugmyndafræði.
- Bæta merkingar bæði úti og inni.
- Stækka bílastæði.
- Bæta loftræstingu í skrifstofurými.
- Bæta loftræstingu á Skýjaborg.
- Endurnýja borð og stóla fyrir nemendur.

- 2 hillur í ísskápa.
- Endurnýja borð og stóla fyrir kennara.
- Endurnýja kennarastóla í fataklefum.
- Mottur á gólf í litlu lautum á Sólkots, Mánakots, Kátakots og Hólakots.
- Sófar á deildir fyrir börnin til að sitja í.
- Stór spegill (Speglaveggur) fyrir Skýjaborg.
- Kaupa pönnu og potta til útieldunar.
- Kaupa flettistöflu.
- Fundastólar fyrir starfsmanna og foreldrafundi.
- Endurnýja sófa á kaffistofu starfsmanna.
- Endurnýja stóla í undirbúningsaðstöðu starfsmanna.
- Kaupa færanlega föndurvagna (3 vagnar).
- Pikler þríhyrningur fyrir Skýjaborg.
- Klifurpúða sem hægt er að þurrka af fyrir Skýjaborg.
- Kaupa OSMO.
- Endurnýja borðbúnað fyrir mötuneyti.
- Endurnýja gastrobakka fyrir mötuneyti.
- Örbylgjuofn.

Sí og endurmenntun 3ja ára áætlun

2019 – Samskipti á vinnustað.

2019 – Skyndihjálp.

2019 – Fjölmenningsarsamfélag á leikskólum.

2020– Námsferð erlendis, vettvangsheimsóknir í skóla sem starfa samkvæmt Uppbyggingarstefnunni og/eða útikennslu.

2021 – Útikennsla. Snjalltæki í leikskóla.

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga

Leiðarljós

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga skal vera ein af menningarstoðum samfélagsins og taka virkan þátt í menningarlífinu. Nemendur Tónlistarskólans skulu vera sýnilegir á hinum ýmsu samkomum í þeirra byggðarkjörnum og þannig efla stöðu tónlistar í sínu samfélagi. Æskilegt er að nemendur jafnt sem kennarar fái tækifæri til að stunda list sína og samfélagið njóti þess.

Hlutverk

Í Aðalnámskrá tónlistarskólanna kemur fram að tónlistarskóli skal vera opinn öllum og sinna almennu tónlistaruppeldi. Tónlistarskólinn þarf því að uppfylla mismunandi kröfur, vera fyrir nemendur sem læra einungis sér til skemmtunar og fyrir nemendur sem vilja búa sig undir metnaðarfullt tónlistarnám og skyldar greinar á háskólastigi. Ekki síst er mikilvægt það hlutverk að kenna nemendum að njóta tónlistar. Tónlistarskólinn skal stuðla að auknu tónlistarlífi í samfélaginu.

Helstu verkefni og innra starf

- Rannsóknir hafa leitt í ljós að tónlistarnám hefur bætandi áhrif á annað nám sérstaklega í raungreinum. Tónlistarnám eykur einbeitingu og stuðlar að betri vinnubrögðum hjá nemendum. Auk þess hefur tónlist og tónlistaiðkun jákvæð áhrif á sálarlífið og stuðlar að gleði og lífsfyllingu.
- Tónlist hefur róandi áhrif á alla, samleikur og kórsöngur stuðlar að meiri félagsproska hjá börnum. Tónskólinn er ekki bara fyrir börn heldur líka fullorðna og allir sem áhuga hafa á tónlist geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi.
- Skólinn er í stöðugri þróun og ætíð er leitast við að efla tónlistarkennslu í samræmi við nútímakröfur. Kennarar hafa verið að kynna sér nýjungar í kennsluháttum undir stjórn skólastjóra.
- Skólastjóri mun taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk skólans.
- Unnið verður að aðlögun *Uppbyggingarstefnunnar* inn í starf tónlistarskólans.
- Kapp verður lagt á að viðhalda þeim góða starfsanda sem í Tónlistarskólanum ríkir.
- Haldið verður formlega utan um símenntun kennara með skráningareyðublöðum.
- Með stærri starfsmannahóp verður meira svigrúm til að bregðast við áföllum s.s. veikindum, fækkun eða fjölgun nemenda á ákveðnum hljóðfærum.
- Þegar starfsmannahópurinn er stærri er meiri þekking og breidd innan hans og því mögulegt fyrir kennara að læra af samstarfsfélögum sínum.
- Að skólinn sé með á hverju ári foreldra og starfsmannakannanir.
- Kennarar sem hafa sérhæft sig á ákveðin hljóðfæri geta því sinnt þeim nemendum betur og skólarnir ná fram betri kennsluaðferðum og árangri.
- Hagkvæmari símenntunarmöguleikar til staðar fyrir kennara og hlutfallslega ódýrara fyrir skólann að bjóða upp á símenntun.

- Mögulegt er að nemendur sem staddir eru á svipuðum stað í tónlistarnámi hittist í auknu mæli og spili saman á sérstökum æfingum t.d. fyrir tónleika. Jafnframt er tækifæri til að skoða hópkenndu í auknu mæli bæði innan skólanna og á milli þeirra.
- Nýir möguleikar til hljóðfæranáms, með enn meiri nálgun við Menntaskólann á Tröllaskaga og þær námsbrautir sem eru þar í boði fyrir unga tónlistarmenn.

Helstu verkefni á yfirstandandi ári 2018

- Boðið var upp á frítt nám í málmb læstri og skráðu sig 5 nemendur.
- Haustfundur tónlistarkennara var haldinn 18. september að venju og sóttu allir kennarar TÁT fundinn.
- Stjórnendur sóttu þing skólastjóra tónlistarskóla 26. – 28. september.
- Hausttónleikar voru haldnir 24. – 26. október.
- Jólatónfundir voru haldnir í Dalvíkurkirkju, Bergi, Tjarnarborg og Siglufjarðarkirkju og farið var í heimsókn á Dalbæ, Hornbrekku og Skálarhlíð með jóladagskrá.
- Árleg viðhorfskönnun foreldra og kennara var lögð fyrir og var niðurstaða hennar verulega ánægjuleg fyrir tónlistarskólann.
- Þriðjudaginn 6. febrúar fóru fram uppskerutónleikar Tónlistarskólans á Tröllaskaga í Víkurröst á Dalvík og hófust þeir kl. 17:00. Um var að ræða Nótuna en til þessara tónleika höfðu verið valdir nemendur til þátttöku. Undanfarin ár hafa nemendur unnið sér inn rétt til þátttöku í Nótunni með því að taka þátt í tónleikum í heimabyggð.
- Tvö atriði voru valin úr hverjum flokki þ.e. grunnstigi, miðstigi og í opnum flokki en enginn nemandi kom af framhaldsstigi að þessu sinni.
- Þeir nemendur sem valdir voru af grunnstigi voru þau Júlíus og Tryggvi Þorvaldsynir, Sigríður Björk Hafstað.
- Af miðstigi, voru þau Helgi Halldórsson og Verónika Jana Ólafsdóttir
- Í opnum flokki voru einnig valin tvö atriði, þær Gunnhildur Lilja Kristinsdóttir, Svanbjörg Anna Sveinsdóttir, Verónika Jana Ólafsdóttir og Birna Karen Sveinsdóttir og söngatriði þeirra Amalíu Nönnu Júlíusdóttur og Magneu Lindar Pálsdóttur.
- Öll þessi atriði tóku svo þátt í Svæðistónleikum Norður- og Austurlands í Hofi föstudaginn 9. febrúar og síðan 2. apríl í Eldborgarsal Hörpu þar sem Júlíus og Tryggvi Þorvaldsynir fluttu lagið Not Alone eftir Harry Gardner af tilfinningu og öryggi.

Helstu verkefni á komandi skólaári 2019

- Foreldravika er 1. – 5. Október þar sem foreldrar geta komið í skólann með nemendum og einnig verður hægt að panta viðtalstíma með stjórnendum skólans.
- Leitast verður við að efla samstarfið við grunnskóla sveitarfélaganna með aðkomu að viðburðum skólanna og einnig er markmið að setja upp söngskemmtun eða söngleik.
- Tónlistarskólinn sér um tónmenntarkennslu fyrir grunnskólana í Dalvíkurbyggð og í Árskógi og einnig í grunnskóla Fjallabyggðar.
- Haustfundur kennara verður haldinn 21. september á Hótel Sigló
- STS þing skólastjóra tónlistarskóla haldið í Berlín, skólastjóri TÁT mun ekki fara.

- Samstarf við leikskóla heldur áfram að þróast með föstum heimsóknum og er tónlistarleikhús í öllum leikskólum á Tröllaskaga.
- Frístund í Fjallabyggð: Barnakór á mánudögum kl. 13.30 – 14.30.
- Frístund í Fjallabyggð: Samspil ugulele gítarhópur þriðjudögum kl. 13.30. -14.30.
- Frístund í Fjallabyggð: Forskóli fyrir 1 - 2 bekk á miðvikudögum kl. 13.30 – 14.30.
- Hausttónleikar verða 16. – 18. október.
- Þemavika skólans verður í 26. – 30. nóvember með jólaþema.
- Í kringum haust, jól og vortónleika verða farnar heimsóknir á Dalbæ, Hornbrekku, Skálarhlíð og Sjúkrahúsið á Siglufirði.
- Jólatónleikar 11., 12. og 13. desember.
- Uppskerutónleikar Tónlistarskólans 14. mars í Tjarnarborg
- Þátttaka í Nótunni í Hofi og svo vonandi í Eldborg.
- Unnið verður að því að aðlaga *Uppbyggingarstefnuna* að skólastarfinu.
- Með tilkomu rafrænnar dagbókar og með meiri samskiptum við foreldra og forráðamenn verður lagt mat á árangur nemenda reglubundnar en áður hefur verið.
- Meiri áhersla verður lögð á samspil, hljómsveitastarf og upptökur innan skólans og hver kennari verður að koma að samspili eða hljómsveitastarfi.
- Skapandi tónlist en þar er hægt að sækja um og útskrifast sem stúdent.
- Til að ljúka námi til stúdentsprófs í skapandi tónlist þurfa nemendur að ljúka 200 einingum samtals, þar af eru í kjarna 86 einingar í MA, eða MTR og 54 einingar í kjarna í námsleiðinni Skapandi tónlist hér við TÁT. Nemendur þurfa að velja að minnsta kosti 36 einingar í TÁT til viðbótar, samtals 90 einingar í TÁT.
- Nemendur hafa 24 einingar í frjálsum vali sem þeir geta tekið í TA, MTR eða MA. Hjá TÁT geta nemendur valið á milli fjölmargar áfanga til að auðga og útvíkka þekkingu sína á sviði tónlistar; áfangarnir geta verið í kjarna annarra námsleiða, í klassísk tónlist eða rytmískri tónlist, eða ótengdir ákveðnum námsleiðum.
- Vortónleikar verða 14., 15 og 16. maí.
- Upptökuvika 20. – 24. Maí.
- Skólaslit verða föstudaginn 29. maí.

Upplýsingaflæði

- Samskipti við foreldra fara í gegnum samskiptakerfið Visku og dagbók þess, einnig eru margir foreldrar sem nota netpóst og síma.
- Tónlistarskólinn er með [heimasíðu](#) og [fésbókarsíðu](#) til þess að efla upplýsingaflæði til samfélagsins.

Helstu lykiltölur Tónlistarskólans á Tröllaskaga	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Starfsmannafjöldi	17	16	16	16
Meðalstarfsaldur á starfsstað	6,2	7.5	7,6	8,6
Fjöldi stöðugilda starfsfólks	11.35	11.35	11,40	11,4
Fjöldi stöðugilda kennara með kennsluréttindi	10.5	10..5	10,5	10,5
Fjöldi nemenda	207	193	201	
Fjöldi nemenda eftir kyni (kvk)	58	56	56	
Fjöldi verkefna sem leik- grunn- eða tónlistarskóli starfa saman að	12	15	15	
Heildarstærð húsnæðis í fm	1200	1200	1200	1200
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	16	19	19	19
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2	2	2	
Heildarfjöldi launalausra frídaga	0	0	0	
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsmenn eru fjarverandi (annarra en veikindadaga, og sumarleyfis daga)	0	0	0	
Heildarfjöldi klst sem starfsmenn sóttu námskeið eða aðra formlega símenntun	12	21	23	
Meðalfjöldi klst á kennara sem nýttir voru í símenntun utan vinnutímaramma	28	33	31	
utan vinnutímaramma	6	11	13	
Hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir með skólann	3	0	0	
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	92%	91,5%	95%	
Stig grænnar greinar	100%	100%	100%	
Gild skólanámskrá	1	1	0	
Gerð sjálfsmatsskýrslu	Já	já	já	já
Frávik frá fjárhagsáætlun	Já	já	já	já
Fjöldi sóttra styrkja	-	104,3%	123,5%	
Fjöldi viðburða sem nemendur skólans koma fram á	0	0	0	
Hlutfall foreldra sem komu í foreldraviðtal	48	56	56	
*nemendur forskóla, leikskóla og kórs	21%	19,5%	22%	

Þriggja ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Skoða þarf þau hljóðfæri sem hafa verið í útleigu með tilliti til endurnýjunar, nokkuð mörg ljóðfæri þarfnast viðhalds.

Bókasafn Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós

Almenningsbókasafnið er upplýsingamiðstöð á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum. Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu (úr yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn, 1994). Bókasafn Dalvíkurbyggðar einsetur sér að mæta þörfum sem flestra og endurskoða stöðugt hlutverk sitt með gagnrýni og umbætur að leiðarljósi.



Hlutverk

Hlutverk almenningsbókasafns innan sveitafélagsins er að veita aðgang að þekkingu, afþreyingu og upplýsingum. Læsi er ein af undirstöðum þekkingarleitar og er það hlutverk Bókasafns Dalvíkurbyggðar að styðja við og efla læsi í byggðarlaginu hjá ungum sem öldnum. Menningarlegt hlutverk bókasafna hefur verið að breytast síðastliðin ár samfara örum tækni- og þjóðfélagsbreytingum og tekur Bókasafn Dalvíkurbyggðar virkan þátt í þeirri þróun. Almenningsbókasöfn hjálpa til við mótun samfélagsins, styðja við sjálfsmynd þess og endurspegla fjölbreytta flóru íbúa samfélagsins. Íbúar Dalvíkurbyggðar og aðrir gestir eiga að geta treyst því að starfsfólk safnsins leitist við að gera þeim dvölinna á safninu að jákvæðri og örvasandi upplifun í samveru jafnt sem einveru.

„Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Sveitarfélög ráða starfslíð almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði“ (Bókasafnalög, 2013).

Helstu verkefni og innra starf

Bókasafn Dalvíkurbyggðar sér til þess að nýútgefnar bækur, dagblöð og tímarit séu ætíð aðgengileg til lestrar á safninu eða til útláns. Hefðbundin verkefni safnsins snúa aðallega að viðhaldi safnkosts, útlánum og skipulagi en farið verður ítarlega í einstaka viðburði og verkefni í næsta kafla.

- Á safninu eru þrjú fastráðnir starfsmenn í samtals 1,25 stöðugildum. Auk þeirra er einn starfsmaður í 100% starfshlutfalli í sumarafleysingum frá miðjum maí fram í miðjan september og annar starfsmaður í u.þ.b. 75% starfshlutfalli í Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn frá 1. júní og út ágúst.
- Rósa Þorgilsdóttir hefur starfað hjá Bókasafni Dalvíkurbyggðar og Héraðsskjalasafni Svarfdæla frá árinu 2004. Hún sagði starfi sínu lausu frá og með 1. júní. Björk Eldjárn Kristjánsdóttir var ráðin í hennar stað og tekur hún til starfa um miðjan september. Hún hefur starfað í sumarafleysingum á bókasafninu síðastliðin tvö sumur.
- Forstöðumaður sótti nokkur námskeið á árinu og leitaði sér aukinnar þekkingar, fræðslu og kynningar á starfi almenningsbókasafna og upplýsingamiðstöðva á Íslandi.
- Forstöðumaður kom að mótun fjölmenningsstefnu í Dalvíkurbyggð annarsvegar og Læsisstefnu í Dalvíkurbyggð hins vegar. Þessari vinnu er enn ekki lokið að fullu.
- Starfsmenn bókasafnsins fengu fræðslu frá Valdísi Guðbrandsdóttur um *Uppbyggingarstefnuna* og hvernig hægt væri að nýta aðferðir hennar á bókasafninu. Stefnt er að því að vinna enn frekar með þessa stefnu á næsta starfsári.
- Einu sinni í mánuði er formlegur starfsmannafundur þar sem allir starfsmenn fá viðeigandi upplýsingar, t.d. hvað sé á döfni og fréttir innan stjórnsýslunnar. Fyrir utan formlega starfsmannafundi hefur myndast sú hefð að allir starfsmenn, bæði af bóka- og héraðsskjalasafni, setjist saman að kaffidrykkju að minnsta kosti einu sinni í viku til þess að efla starfsheildina. Þegar starfsstöðvar og verkefni starfsmanna eru jafn dreifð og raun ber vitni er mikilvægt að varðveita heildina með einhverjum hætti.

Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)

Forstöðumaður hefur lagt áherslu á að útvíkka hugmyndina um bókasafn, opna rýmið fyrir nýjum möguleikum og hvetja íbúa til virkrar þátttöku í fjölbreyttum viðburðum. Breytingar hafa verið gerðar á aðstöðu safnsins með það að leiðarljósi að skapa rými þar sem fólki líður vel og vekur upp löngun til að verja tíma sínum þar innan.

Á næstu mánuðum verður sjálfsafgreiðsluvél sett upp í anddyri bókasafnsins. Vélina fengum við að gjöf frá Amtsbókasafninu á Akureyri á síðasta ári en ekki hefur gefist tækifæri til að koma henni í gagnið. Stefnt er að því að koma henni fyrir um leið og Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn lokar eftir sumarið því þá skapast aukið rými í anddyri bókasafnsins.

Fyrir þetta starfsár fékk bókasafnið samþykkt að kaupa svokallaðan *Makey Makey* tölvubúnað. Þessi kaup standa til á næstu mánuðum og munu starfsmenn leita sér þekkingar, t.d. í Dalvíkurskóla og á Borgarbókasafninu um hvernig nýta megi þessa tækni fyrir starf bókasafnsins.

Margar nýjungar í starfi bókasafnsins litu dagsins ljós á síðasta starfsári og hafa þær flestar fengið að lifa áfram á núverandi starfsári. Dæmi um nýja og/eða áframhaldandi viðburði eru:

Skólaheimsóknir

- Þrír hópar frá Krílakoti heimsækja safnið vikulega á tímabilinu jan – maí og sept – des. Í hverjum hópi eru 5-8 börn auk leikskólakennara/starfsmanns. Mánudags- og þriðjudagsmorgnar eru helgaðir þessum heimsóknum og hefur starfið þróast og eflst á þessu starfsári.
- Áfram er stefnt að því að Árskógarskóli og elsta deildin á Kötlukeiti heimsæki bókasafnið u.þ.b. einu sinni á hvorri önn.
- Skólaheimsóknir frá Dalvíkurskóla hafa ekki verið í föstum skorðum heldur ákveðnar eftir hentugleika, skipulagi og tilefnum. Flest allir bekkir Dalvíkurskóla heimsóttu safnið á síðasta starfsári og má þar sérstaklega nefna vel lukkað samstarf Bókasafns Dalvíkurbyggðar og unglíngadeildar á degi íslenskrar tungu. Nemendur fluttu þá svokallaðan hljóðgjörníng við mikinn fögnuð viðstaddra.
- Áður en 10. bekkur Dalvíkurskóla útskrifaðist var þeim boðið í sérstaka heimsókn á bókasafnið þar sem þeim voru kynntar leitarvélur og veitur sem geta gagnast þeim á næsta skólástigi. Má þar helst nefna leitir.is, timarit.is, skemman.is, rafbókasafnid.is, scholar.google.com og margt fleira. Í lok heimsóknar var öllum nemendum afhent lánþegaskírteini sem gefur þeim kost á að fá bækur að láni, sér að kostnaðarlausu, á Bókasafni Dalvíkurbyggðar og Amtsbókasafninu á Akureyri.

Hugleiðsluhádegi

- Hugleiðsluhádegin hafa verið fastur liður í dagskrá bókasafnsins. Tilgangurinn er að þjálfa og stilla huga og einbeitingu auk þess sem reynt er að virkja og styrkja jákvæðar orkustöðvar. Stundirnar hafa verið ágætlega sóttar og stöðugt fleiri sem prófa í fyrsta skipti. Hugleiðsluhádegin fara alla jafna fram í undirgöngunum milli bóka- og héraðsskjalasafnsins og fjárfesti bókasafnið í nýjum dýnum á starfsárinu svo gestir þurfa ekki að koma með sjálfir.

Hádegisfyrirlestrar

- Hádegisfyrirlestrar á vegum bókasafnsins hafa verið haldnir mánaðarlega í fyrirlestrasal Menningarhússins Bergs. Fyrirlestrararnir eru haldnir í hádeginu til að ná til sem flestra því hægt er að grípa sér hádegismat frá veitingahúsinu Basalt cafe+ bistro. Meginþema fyrirlestranna hefur verið *heimabyggð*, hvort sem þá er vísað í fólk, söguna, efni eða viðburði og stefnt er að því að beina áfram sjónum í þessar áttir á komandi starfsári. Þeir fyrirlestrar sem fóru fram á síðasta starfsári eru:
- **Horfinn heimur.** Farið yfir sérstakar ljósmyndir á ljósmyndasýningu í fyrirlestrasal Menningarhússins Bergs á vegum Héraðsskjalasafns Svarfdæla.
- **Fjölbreytt starf í Dalvíkurbyggð.** Kynning og innsýn í starf Félagsþjónustunnar.
- Enginn hádegisfyrirlestur í mars – fólk þess í stað hvatt til að fjölmenna á *Svarfdælscan mars*.
- Hádegisfyrirlestur í samstarfi við Hestamannafélagið Hring – **Svavar Hreiðarsson, knapi og íþróttamaður Dalvíkurbyggðar og UMSE ásamt Valgeiri Valmundarsyni**

aðstoðarmanni hans. Félagarnir lýstu viðburðaríku ári og ferðinni á heimsmeistaramótið í Þýskalandi.

Sögustundir á pólsku

Í ár byrjuðum við með sögustundir á pólsku fyrir börn á leikskólaaldri. Stundirnar fóru fram í barnahorni Bókasafnsins og umsjónamaður þeirra var Anna Ania. Sögustundirnar fóru hægt af stað en verða þróaðar áfram á næsta starfsári.

Samverustundir

Skipulagðar samverustundir héldu áfram á starfsárinu þar sem lögð var sérstök áhersla á viðburði sem henta börnum jafnt sem fullorðnum. Stefnan hefur frá upphafi verið að bjóða upp á fjölbreytta samsuðu lestrar, leikja, hreyfingar og sköpunar. Þær samverustundir sem hafa verið á starfsárinu eru eftirfarandi:

- **Grikk eða gott.** Undirbúningur fyrir hrekkjavökuna. Föndur, búningar og lesnar draugasögur í undirgöngum milli bóka- og héraðsskjalasafns.
- **Námskeið í bókabroti.** Árdís Fjóla Jónmundsdóttir fór yfir grunnatriði í bókabroti og sýndi hvernig gefa má gömlum bókum nýtt líf.
- **Upplestur.** Ásta Rún Valgerðardóttir las upp úr nýútkominni bók sinni *Fjölskyldan mín* sem hún gaf út í samstarfi við Láru Garðarsdóttur.
- **Leikfanga skiptimarkaður.** Hægt var að leggja inn gömul leikföng og taka sér ný í staðin.
- **Prjónum saman.** Gerð var tilraun til að kalla saman áhugasama handavinnusnillinga einu sinni í viku þar sem hægt var að skiptast á uppskriftum, hugmyndum og aðferðum. Bókasafnið bauð upp á kaffi og gekk framtakið vel í upphafi. Í desember mánuði voru færri farnir að mæta svo ákveðið var að reyna aftur síðar.
- **Dagur íslenskrar tungu.** Dagurinn haldinn hátíðlegur með ýmsum hætti. Hægt var að kjósa um fallegasta íslenska orðið, dalvískum orðum safnað á töflu, samstarfsgjörningur bókasafnsins og unglingsdeildar Dalvíkurskóla og margt fleira.
- **Byrjendakennsla í Brús.** Nokkrir heimsmeistarar í Brús fóru yfir grunnatriðin í spílinu Brús.
- **Hjólíð í lag fyrir sumardag.** Bókasafnsgestum boðið að hressa upp á ástand reiðhjólanna sinna fyrir sumarið. Til leiðsagnar voru starfsmenn bókasafnsins, Jón Halldórsson hjólasérfræðingur og Sævar Freyr Ingason lögreglumaður.
- **Spil, markaður og perl á bókasafninu.** Gestum boðið að eiga viðburðaríkan og skemmtilegan dag á bókasafninu. Hægt var að koma með gömul spil og púsl og skipta þeim út fyrir önnur.
- **Leikjadagur.** Á síðasta ári hélt bókasafnið allsherjar leikjadag í samvinnu við íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar. Leikurinn var endurtekin í ár með hjálp nokkurra ungmenna úr vinnuskóla Dalvíkurbyggðar.
- **Fiskidagsföndur.** Gestum boðið að föndra skraut fyrir Fiskidaginn mikla. Starfsmenn bókasafnsins höfðu undirbúið einfaldar uppskriftir fyrir allan aldur en aðrir létu eigið hugmyndaflug ráða ferðinni.

Foreldramorgnar

Síðasta haust fórum við að stað með nýtt verkefni sem við köllum *foreldramorgna*. Samverustundirnar voru hugsaður sem vettvangur fyrir foreldra til að koma saman með börnin sín og njóta samvista með öðrum. Foreldramorgnar eru ekki síður fræðslustundir því mánaðarlega er fenginn einhver til að kynna, kenna eða fræða gesti um eitthvað sem tengist börnum eða barnauppeldi. Stundirnar eru öllum opnar og gestum að kostnaðarlausu. Skipulagðir foreldramorgnar fóru í sumarfrí (júní, júlí, ágúst) en hefjast aftur í september. Fræðslustundir sem hafa verið til þessa eru:

- Lára Bettý hjúkrunarfræðingur fór yfir skyndihjálpi fyrir börn, hvað gott er að hafa í huga og spurningar tengdar málefnum.
- Ólína Freysteinsdóttir fjölskyldufræðingur hjá Fjölskylduráðgjöf Norðurlands – Skref hélt fyrirlestur um fjölskylduráðgjöf, samskipti og ýmislegt er varðar hlutverk fjölskyldna og foreldra.
- Lilja Guðnadóttir ljósmóðir fór yfir grunnatriði í ungbarnanuddi.
- Ösp Eldjárn var með skapandi tónlistastund.
- Lilja Guðnadóttir ljósmóðir fræddi gesti um brjóstagjöf og næringu ungra barna.
- Rökstólar komu með tilvalda fræðslustund fyrir foreldra og fagaðila sem koma að barnauppeldi. Þátttakendur fengu tækifæri til að efla samskiptafærni sína, læra lausnir sem henta mismunandi fjölskyldum og fá innsýn inn í hvernig má njóta foreldrahlutverksins til hins ítrasta.
- Lára Bettý hjúkrunarfræðingur heimsótti foreldramorgna síðan aftur fyrir sumarið og fór yfir skyndihjálpi fyrir börn.

Samfélagsmiðlar og heimasíðan

Rík áhersla hefur verið lögð á notkun samfélags- og netmiðla til að kynna fjölbreytt starf bókasafnsins og höfða þannig til stærri hóps í bæjarfélaginu. Lögð hefur verið áhersla á að segja frá og kynna starfið vel á heimasíðu safnsins auk þess sem fésbókarsíðan og Instagram reikningurinn eru mjög virk. Í síðustu starfsáætlun kemur fram að stefnt sé að því að nota heimasíðuna enn frekar til að tryggja sterkt upplýsingaflæði og gegnsæi út í samfélagið sem og leið til að tengja bókasafnið við fólkið í samfélaginu. Við teljum þetta hafa lukkast vel á síðasta starfsári og stefnum á að bæta um betur á því næsta.

Fylgjendur bókasafnsins á samfélagsmiðlum eru farnir að þekkja vel fastra liði eins og t.d. „fössarafésbókina“ þar sem starfsmenn leika sér með bókakápur, og „lesandi vikunnar“ þar sem viðskiptavinur bókasafnsins segir frá bókinni sem hann var að lesa og sinni uppáhaldsbók. Þessir tveir liðir, ásamt fleirum, eru mikilvægir þættir í markaðsstarfi bókasafnsins og gefa öðrum lesendum góða mynd af því hvað sé að finna á bókasafninu. Máttur samfélagsmiðla í nútímasamfélagi er stöðugt að aukast og er það ein af stefnum Bókasafns Dalvíkurbyggðar að styrkja sig enn frekar á því sviði og nýta sér aðgengilega tækni safninu til framdráttar.

Rafbókasafnið

Bókasafn Dalvíkurbyggðar varð á árinu aðildarsafn að nýjung sem nefnist Rafbókasafnið. Um er að ræða bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka, fyrir alla aldurshópa. Allir viðskiptavinir Bókasafns Dalvíkur hafa nú aðgang að rafbókasafninu í gegnum lánþegaskírteini bókasafnsins.



Sumarlestur, bókaskjóður, bókakassar, ferðavísar og söguboltinn

Líkt og síðustu sumur bauð bókasafnið upp á *sumarlestur* á bókasafninu auk þess sem hægt var að nálgast *bókaskjóður*, *ferðavísa* og *söguboltann*. Með því að bjóða upp á fjölbreytt úrræði fyrir börn og foreldra vill Bókasafn Dalvíkurbyggðar leggja sitt að mörkum við að draga úr svokölluðum sumarhrifum. Með því er átt við þá afturför í lestrarþróun barna sem á sér stað í sumarfríinu þegar þau eru fjarri kennslustofu og njóta ekki markvissrar lestrarkennslu.

- **Sumarlestur.** Barn og forráðamaður gera samning við bókasafnið um hvað skuli lesa margar bækur yfir sumarið. Allir sem standa við samninginn fá viðurkenningarskjal og eiga jafnframt kost á því að verða dregnir úr lukkupotti í lok sumar og hljóta þá óvæntan glaðning.
- **Bókaskjóður.** Hér ræðir um hálfgerða óvissupoka sem innihalda lestrarbók um ákveðið efni, fræðibók um sama efni, leikfang og ýmis tilmæli sem hrista upp í lestrinum. Það er okkar von að bókaskjóðurnar hvetji foreldra til að lesa meira með börnunum sínum og ræða við þau um innihald lestursins.
- **Ferðavísar.** Á bókasafninu er hægt að nálgast ferðavísi sem inniheldur skemmtilegar leiðir til að brjóta upp lesturinn á ferðalögum sumarsins – innan sem og utanlands.
- **Söguboltinn.** Hér ræðir um skemmtilegan lestrarleik fyrir krakka á grunnskólaaldri. Verkefnið er á vegum Menntamálastofnunar og starfrækt um allt land.

Á síðasta starfsári var gerð tilraun í samstarfi við Árskógarskóla og Kötluot með að senda *bókakassa* í skólana með bókakosti frá Bókasafni Dalvíkurbyggðar. Foreldrar og börn gátu þá fengið nýjar bækur að láni með sér heim úr skólanum. Með þessum hætti er reynt að bregðast við erfiðara aðgengi nemenda við Áskógarskóla að Bókasafni Dalvíkurbyggðar sökum staðsetningar. Tilraunin gafst vel og verður þróuð áfram á næsta skólaári í samstarfi við nýjan skólastjóra Árskógarskóla.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er starfrækt í rúmlega þrjá mánuði yfir árið, þ.e. frá júní – sept. Einn starfsmaður sinnir verkefnum upplýsingamiðstöðvarinnar og var á síðasta starfsárið í u.þ.b. 75% starfshlutfalli. Starfsmenn bókasafnsins sinna einnig upplýsingagjöf eftir þörfum.

- Í upphafi sumars fóru starfsmenn bókasafnsins og starfsmaður upplýsingamiðstöðvarinnar í kynningarferð um svæðið þar sem þeir hittu helstu ferðaþjónustuaðila, fengu innsýn í þá þjónustu sem er í boði og upplifðu á eigin skinni

möguleikana sem standa ferðamönnum til boða. Þessi ferð reyndist gríðarlega mikilvæg og efldi starfsmenn til muna í sinni upplýsingagjöf.

- Starfsmaður í upplýsingamiðstöð ber ábyrgð á upplýsingagjöf til ferðamanna, sambandi við ferðabjónustuaðila og sér um fésbókarsíðu upplýsingamiðstöðvarinnar.
- Starfsmaður sér jafnframt um að yfirfara upplýsingar sem liggja fyrir um þjónustu og möguleika í nærumhverfinu, taka saman ábendingar og að lokum skrifa skýrslu um sumarið og hvað megi betur fara að ári.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Bókasafnið hefur verið í góðri samvinna við skólastofnanir Dalvíkurbyggðar og er það ætíð stefnan að styrkja þau samvinnubönd enn frekar á komandi starfsári.
- Bókasafnið hefur notið ánægjulegs samstarfs við Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar, má þar kannski sérstaklega nefna sameiginlegan leikjadag í júlí sem heppnaðist með eindæmum vel.
- Í tvígang hefur bókasafnið fengið að láni starfsmenn frá Vinnuskóla Dalvíkurbyggðar við valin sérverkefni og hefur það samstarf reynt okkur vel.
- Bókasafnið leitaði til Félagsþjónustunnar um að kynna starfið á hádegisfyrirlestri. Þetta tókst vel til og stefnum við á að kynna fleiri stofnanir Dalvíkurbyggðar með þessum hætti á komandi starfsári.
- Á samráðsfundum stjórnenda á fræðslu- og menningarsviði var ákveðið að leggja áherslu á fræðslu og endurmenntun starfsmanna varðandi *Uppbyggingarstefnuna*. Bókasafn Dalvíkurbyggðar hefur og mun halda áfram að taka þátt í því verkefni.

Meginverkefni næsta árs (2019)

- Stefnt er að því að þróa áfram og festa í sessi þær nýjungar sem hafa vaknað á Bókasafni Dalvíkurbyggðar síðastliðin tvö starfsár, sem og halda áfram að þróa nýja viðburði sem efla læsi og stuðla að öflugum menningar- og listalífi í Dalvíkurbyggð.
- Halda áfram að bjóða upp á nýjungar á samfélagsmiðlum og viðhalda góðu upplýsingaflæði til samfélagsins í gegnum heimasíðu, fésbókarsíðu og Instagram reikning safnsins. Halda áfram að þróa heimasíðu safnsins og gera hana upplýsandi og aðgengilega öllum.
- Kynna bókasafnið enn betur með það að leiðarljósi að sem flestir geti nýtt sér það til samveru, viðburða og sköpunar.
- Nýta sýningarskáp safnsins enn betur til að kynna listamenn af svæðinu, m.a. með því að bjóða einstaklingum sem vinna að sköpun (handverki, myndlist, ljósmyndun o.fl.) að sýna afrakstur verka sinna í skápnunum.
- Bjóða skólastofnunum að nýta sýningarskápinn til að sýna íbúum fjölbreytta sköpun nemenda í ýmsum námsgreinum.
- Þróa áfram hvernig nýta megi *Makey Makey* tölvutækni fyrir starf bókasafnsins.
- Eignast spjaldtölvu og nýta hana til fræðslu í bókasafnsheimsóknum.
- Kynna Rafbókasafnið enn frekar fyrir lánþegum bókasafnsins. Bjóða upp á kennslu á safninu fyrir þá sem vilja.

- Viðhalda hádegisfyrirlestrum sem mánaðarlegum viðburðum safnsins með áframhaldandi áherslu á *heimabyggð* í víðum skilningi.
- Stefnt er að því að byggja upp metnaðarfulla jóladagskrá á bókasafninu þar sem ýmsir aðilar, stofnanir og fyrirtæki koma að fjölbreyttum viðburðum.
- Þjóða upp á upplestur úr nýútgefnum bókum eða fyrirlestra frá rithöfundum fyrir jólin.

Upplýsingamiðstöðin

- Við lítum svo á að æskilegt væri að hafa starfsmann í heilu stöðugildi yfir sumarmánuðina til þess að halda uppi háu þjónustustigi við ferðamenn. Með auknu stöðugildi gæfist kostur á því að nýta starfsmanninn til annarra starfa sem tengjast kynningarmálum og miðlun til ferðamanna.
- Í upphafi sumar heimsóttu starfsmenn í upplýsingagjöf alla helstu ferðþjónustuaðila á svæðinu sem var einstaklega mikilvægt fyrir allt starfið sem á eftir kom. Með þessum hætti styrkja starfsmenn í upplýsingagjöf tengsl sín við ferðþjónustuaðila, kynnast þjónustunni með eigin reynslu og eru betur í stakk búnir til að kynna umhverfið og hvað það hefur upp á að bjóða. Samskonar ferð verður endurtekin á næsta starfsári.
- Á síðustu starfsáætlun kemur fram að stefnt sé að því að bjóða upp á vikulegar leiðsagnir um nærumhverfið frá Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Því miður náði þessi áætlun ekki fram að ganga að þessu sinni og er ástæða þess aðallega slæmt aðgengi að viðtakendahópnum. Þegar þjónustuhópurinn er jafn ólíkur og dreifður og raun ber vitni getur verið erfitt að ná til hans með aðgengilegum hætti.
- Upplýsingamiðstöðin mun halda áfram að þróa leiðir til að vera gagnvirk, framsækin og leiðandi á sviði þjónustu við ferðamenn.

Verkefni sem byrjað var á 2018 sem mögulega halda áfram inn á árið

Allflest verkefni sem talin eru upp hér að framan munu halda göngu sinni áfram árið 2019. Hugsanlega koma ný verkefni sem núverandi forstöðumaður sér ekki fyrir þar sem hún verður í fæðingarorlofi mestan hluta árs 2019 og í höndum einhvers annars að stýra stofnuninni á meðan. Þeir viðburðir sem vitað er með vissu að haldi sínu striki eru eftirfarandi:

- Leikskólaheimsóknir verða áfram reglulegur viðburður á mánudögum og þriðjudögum.
- Unnið verður enn frekar með Uppbyggingarstefnuna og hvernig megi nýta hana í starf bókasafnsins.
- Hádegisfyrirlestrar verða að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Samverustundir eða viðburðir fyrir börn og fullorðna verða að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Kynna á Rafbókasafnið enn frekar fyrir notendum og auglýsa það vel.
- Nýjar sýningar verða reglulega í sýningarskáp bókasafnsins.
- Sögustundir á pólsku verða að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Foreldramorgnar verða að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Sumarlestur og bókaskjóður verða aðgengilegar á sumarmánuðum.

- Bóka og púsl markaður verður áfram staðsettur í undirgöngum milli bóka- og héraðsskjalasafns.
- Hugleiðsluhádegi halda sínu striki milli 12.15-12.30 á fimmtudögum.

Greinagerð um breytingar og nýmæli

Stefnt er að því að safnið eignist spjaldtölvu sem nýta má til afþreyingar og kennslu með áherslu á hljóð, mynd og sköpun. Fordæmi eru fyrir því að bókasöfn nýti spjaldtölvur og smáforrit í starfi og stefnum við á að þróa slíka vinnu á okkar bókasafni. Mikilvægt er að endurskipuleggja rými bókasafnsins með áherslu á aðgengileika og frelsi. Stefnt er að því að skoða hvort og þá hvernig megi skapa rými þar sem fólk kys að verja tíma sínum, hvort sem það sækir í félagsskap eða einveru. Bókasafnið þarf á sama tíma að rúma fólk og safnkost og leitað verður skapandi leiða hvernig mæta megi þeim óskum á einfaldan hátt.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur Bókasafn Dalvíkurbyggðar	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Starfsmannafjöldi	3	3	3	3
Stöðugildi	1,25	1,25	2,01	2,05
Meðal starfsaldur á starfsstöð	>5	6	>6	>6
Heildarstærð húsnæðis fm	294	294	294	294
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	3	3	2	2
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2	2	2	
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsmannasamtal	75%	75%	100%	100%
Frávik frá fjárhagsáætlun	64,9%	66,7%	80%	
Fjöldi umsókna um styrki	1	0	0	
Fjöldi fenginna styrkja	0	0	0	
Fjöldi útlána á bókasafni	9918	8400	7600	
Fjöldi virkra lánþega	742	707	753	753
Fjöldi opnunardaga	170	202	207	207
Fjöldi bóka/gripa sem safninu var fært	109	15	71	
Fjöldi tengdra titla umfram grisjun	820	-179	-277	
Fjöldi keyþtra titla	817	330	237	
Fjöldi skráðra bóka/muna	30096	29917	29991	
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	17	41	53	
Fjöldi samvinnuverkefna söfn/stofnanir	4	4	4	4
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitafélags	5	5	5	5

Þriggja ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

Á næstu þremur árum væri æskilegt að auka við stöðugildi starfsmanns í upplýsingamiðstöð. Ferðamannastraumur fer ört vaxandi og teljum við mikilvægt að Dalvíkurbyggð taki á móti honum með opnum örmum og háu þjónustustigi. Til að það nái fram að ganga er mikilvægt að tryggja aðgengi að þjálfuðum starfsmanni allan daginn. Á næstu þremur árum þarf einnig að endurskoða og yfirfara húsgögn og búnað í barnahorni. Þúðar og sessur eru komnar til ára sinna og stólar farnir að láta á sjá. Þessar breytingar þurfa ekki að koma til á næsta ári en æskilegt að það verði skoðað vel fyrir gerð næstu fjárhagsáætlunar. Allar breytingar ættu að miða að því að gera bæði rýmið og bókakostinn aðgengilegri og opna þannig rýmið fyrir fleiri möguleikum.

Héraðsskjala- og listaverkasafn Svarfdæla

Leiðarljós

Héraðsskjalasafn Svarfdæla varðveitir hluta af menningu þeirra sem búa í byggðarlaginu. Þar er arfur fyrri kynslóða geymdur og fær þá meðferð sem við á.

Hlutverk

Héraðsskjalasafnið annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala frá afhendingarskildum aðilum, þ.e. embættum, stofnunum og félögum í Dalvíkurbyggð skv. Lögum um opinber skjalasöfn frá 2014. Jafnframt fer fram söfnun skjala einstaklinga og félagasamtaka auk ljósmynda, hljóð- og myndrita, sem varða sögu sveitafélagsins eða íbúa þess á einhvern hátt. Eitt af hlutverkum Héraðsskjalasafns Svarfdæla er að hafa umsjón með og stýra lögbundnu eftirliti með skjalavörslu og skjalahaldi stjórnsýslu og stjórnvalda. Héraðsskjalasafn ber ábyrgð á því að aðgengi að safnkostinum með viðhlítandi takmörkunum vegna trúnaðar og persónuverndar sé ætíð tryggt.

Megin verkefni safnsins er þó fyrst og fremst að annast söfnun á rituðum bókum, skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum sem varpa ljósi á sögu og menningu Dalvíkurbyggðar (úr reglugerð fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla í Dalvíkurbyggð).

Helstu verkefni og innra starf

- Taka á móti afhendingum, skrá þær í forritið Filemaker og veita viðeigandi varðveislu.
- Skráning ljósmynda í forritið Fotostation.
- Skönnun og miðlun ljósmynda.
- Svара fyrirspurnum í gegnum tölvupóst og símtöl.
- Halda skrá yfir gesti og fyrirspurnir þar sem allar upplýsingar eru skráðar.
- Þjónusta viðskiptavini hvort heldur sem er við almenna upplýsingaleit eða efni úr safnkosti.
- Halda fasta opnunartíma og bjóða upp á aðstoð og aðstöðu á lesstofu.
- Móttaka hópa, leiðsögn og fræðsla.
- Umsjón með ljósmyndahópi sem hittist vikulega á Héraðsskjalasafninu.
- Á síðasta ári var tekið mikið gæfuspor fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla en þá var ákveðið að auka við stöðugildi á safninu og færa það upp í eitt heilt. Með þessum hætti hefur gefist aukinn tími til skipulagningar og skráningu ljósmynda ásamt öðrum brýnum verkefnum.
- Frá árinu 2004 hefur Rósa Þorgilsdóttir sinnt 25% hlutfalli en frá og með 1. júní 2018 sagði Rósa starfi sínu lausu. Björk Eldjárn Kristjánsdóttir, þjóðfræðingur var ráðin í hennar stað. Sigurlaug Stefánsdóttir hefur um árabíl verið í hlutavinnu við skráningu ljósmynda og var á síðasta ári ráðin í þau 25% sem aukin voru við safnið á ársgrundvelli.
- Héraðsskjalavörður hefur sótt námskeið og ráðstefnur í tengslum við starfið.

- Ný persónuverndarlöggjöf sem byggir á reglum Evrópusambandsins tóku gildi 25. maí síðastliðinn og hefur það mál krafið starfsmenn um heilmikinn undirbúning, þekkingarleit og undirbúning. Má þar nefna:
 - Streymisfundur á vegum IRMA, Félags um skjalastjórn. Fundurinn fór fram á Þjóðskjalasafni Íslands og fjallaði um nýju persónuverndarlöggjöfina með áherslu á réttinn til að gleymast. Fundurinn var haldinn 22. febrúar.
 - Streymisfundur á vegum starfshóps héraðsskjalavarða um nýju persónuverndarlöggjöfina. Fundurinn var haldinn í Mosfellsbæ 8. mars.
 - Vorfundur Héraðsskjalavarða á Þjóðskjalasafni Íslands fór fram dagana 12. og 13. apríl. Héraðsskjalavörður flutti erindi á ráðstefnunni um *Sýnileika og ósýnileika héraðsskjalasafna*.
 - Héraðsskjalavörður tók einnig þátt í reglulegum stjórnendafundum, sameiginlegum aðgerðum héraðsskjalavarða og sat í undirbúnings teymi fyrir nýju persónulöggjöfina fyrir Dalvíkurbyggð.

Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)

- Markviss skráning, skönnun og frágangur á miklu magni ljósmynda sem safninu hefur borist.
- Unnið hefur verið að drögum af langtímaskráninga/varðveisluáætlun fyrir hljóðsafnið sem er partur af safnkosti Héraðsskjalasafnsins.
- Mikil undirbúningsvinna hefur átt sér stað fyrir heimasíðu safnsins en enn sem komið er inniheldur síðan ekkert opið efni. Stefnt er á að setja þetta verkefni í forgang það sem eftir er árs og fram á næsta ár.
- Sérstakur ljósmyndahópur hefur verið starfræktur á safninu í nokkur ár en hér ræðir um félagsskap sem hittist vikulega ásamt héraðsskjalaverði og fer yfir ómerktar og/eða óþekktar ljósmyndir. Umfjöllun um hópinn og starfið sem er unnið á héraðsskjalasafninu birtist m.a. í sjónvarpsþættinum *Landanum* í febrúar á þessu ári.
- Héraðsskjalasafnið stóð fyrir viðburði undir yfirskriftinni *Ljósmyndagreining fyrir alla aldurshópa*.
- Á síðasta ári fékk safnið styrk frá Menningarráði Dalvíkurbyggðar til að halda ljósmyndasýningu á völdum ljósmyndum úr safni Júlíusar Kristjánssonar og Ragnheiðar Sigvaldadóttur sem bar yfirskriftina *Horfinn heimur*. Hjónin afhentu safninu hátt í 4000 ljósmyndir árið 2016 en þau hafa bæði komið beint og óbeint að starfi safnsins frá stofnun þess. Ljósmyndasýningin bar yfirskriftina *Horfinn heimur* og hafði það að leiðarljósi að sýna eitthvað sem hefur breyst í tímanna rás, hvort sem það var landslag, skipulag, verkhættir, fólk, fatnaður eða fararskjóti. Sýningin heppnaðist vel og fékk góðar viðtökur. Samhliða sýningunni var haldinn hádegisfyrirlestur þar sem farið var



yfir hverja mynd fyrir sig og gestum gefið tækifæri til að koma með sögur, spyrja spurninga og ræða gamla tíma sín á milli.

- Haldinn verður opinn kynningardagur á safninu í október-nóvember þar sem fólki gefst kostur á að kynna sér bæði safnkostinn og þjónustuna.
- Stærsta afhending ársins kom frá Sparisjóði Svarfdæla. Um er að ræða gögn frá stofnun Sparisjóðsins á Dalvík og því mikilvægar heimildir að hafa í heimabyggð.
- Héraðsskjalavörður hefur sinnt ráðgjöf.
- Fjölmargir gestir hafa lagt leið sína á safnið, ýmist til að nýta sér lesaðstöðu, sækja í safnkost eða leggja inn afhendingar.
- Stærstur hluti listaverkasafnsins samanstendur af verkum frá Jóni Stefáni *Brimari* Sigurjónssyni en hann hefði orðið 90 ára í ár. Að því tilefni var sett upp glæsileg sýning á verkum hans í Gamla skóla sem var opnuð á afmælisdegi hans 13. Júní. Fyrir sýningunni fór frændi Brimars, Ragnar Þ. Þóroddsson, sýningarstjóri var Sigríður Gunnarsdóttir og lánaði Dalvíkurbyggð sín verk á sýninguna. Hátt í 1000 manns lögðu leið sína í gamla skóla í sumar og litu augum þessi tæplega 400 verk sem héngu til sýnis, þar af rúmlega 130 í eigu Dalvíkurbyggðar. Sýningin er talin hafa lukkast mjög vel.
- Lagt var erindi fyrir byggðarráð í lok september 2017 þar sem óskað var eftir fjárveitingu til kaupa á verkinu 2,34 eftir Gunnlaug Arason (GARASON). Byggðarráð samþykkti með 3 atkvæðum að vísa ofangreindu erindi til gerðar fjárhagsáætlunar 2019 og fól forstöðumanni bóka- og héraðsskjalasafns að kanna möguleika á styrkjum til að auka líkur á að sveitafélagið geti eignast verkið.



Meginverkefni næsta árs (2019)

- Leggja aukna áherslu á eftirlitshlutverk héraðsskjalavarðar þ.e. umsjón og stjórnun á lögbundnu eftirliti með skjalavörslu og skjalahaldi opinberra stofnanna Dalvíkurbyggðar.
- Fara yfir og leggja drög að skjalavistunaráætlunum fyrir opinberar stofnanir þar sem við á.
- Halda áfram með farsælt starf ljósmyndahópsins.
- Halda áfram með uppbyggingu heimasíðu safnsins og virkja samfélagsmiðla.
- Útbúa og hafa aðfangaskrá aðgengilega á heimasíðunni svo allir geti skoðað yfirlit yfir safnkostinn með einföldum og aðgengilegum hætti.
- Hrinda af stað verkefninu *Heimild mánaðarins*. Drög að verkefninu hafa nú þegar verið lögð og stefnt er að því að birta umfjöllunina á heimasíðu safnsins, fésbókarsíðu auk þess sem hugsanlegt samstarf hefur verið rætt við ritstjóra Norðurslóðar.
- Vinna áfram að því að endurvekja vísnavefinn Harald og fá áhugafólk með í starfið.

- Hvetja kennara skólastofnanna til að nýta sér safnið í auknu mæli og bjóða upp á spennandi hugmyndir um hvernig tengja megi fjölbreytt kennslustarf við safnkostinn.
- Auglýsa lesaðstöðu safnsins fyrir námsmenn, fræðimenn, grúskara og alla sem gætu nýtt sér aðstöðuna til vinnu eða afþreyingar.
- Útbúa aðstöðu þar sem safngestir geta hlustað og/eða skoðað hljóð- og myndefni safnsins.
- Á næsta starfsári liggur fyrir að taka ákvörðun um áframhaldandi starfsemi Listaverkasafns Dalvíkurbyggðar.

Greinagerð um breytingar og nýmæli

- Þar sem mikið magn ljósmynda liggur nú og bíður skráningar er nauðsynlegt fyrir safnið að eignast nýjan og öflugri skanna. Þar að auki teljum við mikilvægt að safnið eignist filmuskanna þar sem oft koma óframkallaðar filmur á safnið sem hægt er að skanna með einföldum hætti í gegnum slíkan skanna.
- Enn sem komið er eru allar ljósmyndir skráðar í gagnagrunn sem aðeins er aðgengilegur starfsmönnum safnsins. Við teljum mikilvægt að opna aðgengi að skráðum ljósmyndum svo almennir safngestir hafi kost á því að skoða það sem til er.
- Heimasíða safnsins hefur verið með öllu óvirk fram að þessu og er mjög líklegt að verja þurfi einhverjum fjármunum í að byggja hana upp eins og hentar héraðsskjalasafni. Gera þarf ráð fyrir þessum kostnaðarlið í næstu fjárhagsáætlun.
- Huga þarf að aðstöðu fyrir safngesti til að hlusta á hljóð- og myndefni.

Lykiltölur/mælikvarðar

Nokkrar lykiltölur Héraðsskjala- og listaverkasafn Svarfdæla	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Starfsmannafjöldi	3	2	3	3
Stöðugildi	0,75	0,75	1	1,04
Meðal starfsaldur á starfsstöð	4	3	4,5	5,5
Heildarstærð húsnæðis fm	150	150	150	150
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	3	3	2	2
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsmannasamtal	50%	50%	100%	100%
Frávik frá fjárhagsáætlun	67,3%	54,7%	75%	75%
Fjöldi umsókna um styrki	1	2	1	
Fjöldi fenginna styrkja	0	0	1	0
Fjöldi opnunardaga	87	89	90	90
Fjöldi afhendinga á árinu	57	52	59	
Fjöldi beiðna um aðstoð/lán frá safni	41	62	57	
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	4	6	20	20
Fjöldi samvinnuverkefna söfn/stofnanir	3	3	3	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitafélags	3	3	2	2

3ja ára áætlun

- Að gera ljósmyndasafnið aðgengilegt á veraldarvefnum.
- Ljósmynda eða skanna inn gömul skjöl og gera þau aðgengileg almenningi á heimasíðu Héraðsskjalasafns Svarfdæla.
- Gera markvissa áætlun fyrir hljóð- og myndsafn safnsins og gera það aðgengilegt fyrir safngesti.
- Undirbúa rafræna vörslu með tilheyrandi móttökuskilyrðum og tölvubúnaði.
- Nýta samfélagsmiðla og heimasíðuna. með markvissum hætti til kynningar á safnkosti, aðstöðu og möguleikum sem felast í safninu.
- Styrkja og efla lögbundið eftirlitshlutverk héraðsskjalavarðar með opinberum stofnunum Dalvíkurbyggðar og öðrum skilaskildum aðilum.

Byggðasafnið Hvoll

Leiðarljós

Safnið varðveitir og rannsakar menningararf byggðarlagsins og kynnir fyrir gestum safnsins sögu og menningarverðmæti sveitarfélagsins.

Hlutverk

Byggðasafnið sinnir þeim kröfum sem gerðar eru til [viðurkenndra](#) byggðasafna samkvæmt safnalögum nr. 10/2011 og siðareglum safna sem ICOM, alþjóðaráð safna gefur út. Einnig er unnið samkvæmt *Menningarstefnu Dalvíkurbyggðar* sem var samþykkt 8. maí 2007 en endurskoðuð í mars 2011 svo og söfnunarstefnu safnsins sem var samþykkt árið 2009 og endurskoðuð árið 2016. Jafnframt skal safnið framfylgja stofnskrá sinni. Safnið er þjónustustofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímann.

Helstu verkefni og innra starf

Faglegt starf hefur að mestu leyti legið niðri að undanskilinni vinnu við skráningu á safnmunum í *Sarp vegna óviðráðanlegra aðstæðna*. Vegna niðurskurðar á almennum og sértækum styrkveitingum til safna í landinu, sem safnið hefur sótt í vegna ýmissa verkefna, var ekki ráðist í ný verkefni. Í gangi er vinna um framtíðar fyrirkomulag safnamála í Dalvíkurbyggð og stefnt er að því að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir nú í árslok.

Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018)

- Skráning á safnmunum í gagnagrunninn *Sarp* fyrir tilstuðlan styrkveitinga úr safnasjóði.
- Markaðssetning á safni og safnkostum.
- Haldið var áfram samvinnu við stofnanir innan sem utan Dalvíkurbyggðar, s.s. leik- og grunnskóla.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Heimsóknir leik- og grunnskólabarna á safnið.
- Samvinna við Bóka- og héraðsskjalasafn Dalvíkurbyggðar
- Eftir atvikum önnur fagsvið sveitarfélagsins.

Meginverkefni næsta árs (2019)

- Áframhald skráninga á safnmunum í *Sarp* ef styrkveitingar fást.
- Safnamál Dalvíkurbyggðar í heild sinni verða áfram til skoðunar.

Verkefni sem byrjað var á 2018 sem mögulega halda áfram inn á árið 2019

- Tiltekt í geymslu safnamuna eins og tími og mannaforráð leyfa.

Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2019

- Heimasíða safnsins verður í stöðugri endurskoðun.
- Skráning á safnmunum í *Sarp*

Húsnæðismál

Áfram verður til skoðunar hvort til greina kemur að flytja safnið í stærra og hentugra húsnæði þannig að aðgengi eldri borgara og fatlaðra verði betur tryggt.

Starfsmannamál

- Óbreytt fyrirkomulag á stöðugildum út árið 2018.
- Nú stendur yfir vinna er snýr að framtíðar fyrirkomulagi safnamála í Dalvíkurbyggð og stefnt er að niðurstöðu fyrir árslok.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur Byggðasafnið Hvoll	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Starfsmannafjöldi	3	3	3	3
Stöðugildi	1,2	0,75	1,2	1,2
Meðalstarfsaldur á starfsstað	7	15	16	1
Heildarstærð húsnæðis m ²	300,1	300,1	300,1	300,1
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	2	2	2
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	1	84	243	
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	50%	0%	0%	
Frávik frá fjárhagsáætlun	104,20%	110,7%	75%	
Fjöldi umsókna um styrki	5	3	1	0
Fjöldi fenginna styrkja	4	2	0	0
Fjöldi heimsókna á safnið	3800	1387	1610	
Fjöldi opnunardaga á safni	130	122	109	122
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	10	1	102	
Fjöldi skráðra bóka/muna	5000	5000	5000	5000
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	3	3	3	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	3	3	3	3

3ja ára áætlun

Forsendur

Verkefni umfram hefðbundin störf á byggðasafninu velta á því hvort styrkveitingar fáist til að sinna nýjum verkefnum.

- Á áætlun er að byggðaðróunarkort af Dalvík verði gefið út á rafrænu formi.
- Komið verði á safnakennslu fyrir skólabörn.
- Húsnæðismál verði áfram til skoðunar

Víkurröst/Barna- og unglingastarf – félagsmiðstöð



Leiðarljós

Víkurröst frístundahús hefur það að leiðarljósi að standa fyrir faglegu starfi sem unnið er á vettvangi frítímans jafnframt því að veita samfellda þjónustu í góðri samvinnu við alla sem að henni koma.

- Að lýðræði og jafnrétti eru ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu.
- Að vera staður þar sem börnum og unglingum gefst tækifæri til að þjálfa félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni.
- Að taka skýra afstöðu gegn allri neikvæðri hegðun svo sem fordómum og neyslu vímuefna.
- Að vera staður þar sem íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri býðst að nýta sér aðstöðu með verkefnum sem hafa jákvæð áhrif og efla félagsauð.

Hlutverk

Víkurröst er frístundahús á vegum Dalvíkurbyggðar. Hlutverk Víkurrastar er að vera alhliða frístundahús fyrir alla. Aðalmarkhópur frístundahússins er hins vegar ungt fólk á aldrinum 6 – 20 ára. Lykilhugtök í fagstarfi með börnum og unglingum eru lýðræðisleg þátttaka, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, jafnrétti, samskiptafærni, gagnrýnin og skapandi hugsun.

Lýðræði er hugmyndafræði sem endurspeglar margvísleg í fagstarfinu og tryggir áhrif barna og ungmenna á starfið. Jafnframt er mikilvægt að börn og ungmenni læri með skipulögðum hætti að velja sér viðfangsefni. Með því styrkjum við lýðræðisvitund og meðvitund um að allar okkar ákvarðanir hafa áhrif. Fjölbreytni í starfinu skiptir miklu máli svo að flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Helstu verkefni og innra starf

- Starfsmenn í hlutastarfi fá sína þjálfun að mestu í gegnum handleiðslu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.
- Samráðsfundir starfsmanna og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa eru haldnir reglulega.

- Allt starfsfólk mun temja sér áherslur Uppbyggingarstefnunnar
- Víkurröst tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi samfélag* með því að skipuleggja viðburði og námskeið sem taka mið af áherslupætti hvers árs.

Helstu verkefni yfirstandandi árs og áfram 2019

- Haldið áfram að vinna náið með náms- og starfsráðgjafa Dalvíkurskóla ásamt deildarstjóra unglíngastígs.
- Klúbbastarf unglínglinga hefur ekki náð að festa sig í sessi. Finna þarf leiðir til að festa það betur í sessi komandi vetur.
- Vinnufundir starfsmanna og íþróttá- og æskulýðsfulltrúa hafa verið festir í sessi með það að markmiði að efla faglegt starf. Sú vinna var mjög þörf og mun halda áfram.
- Sóttir voru fastir viðburðir á vegum Samfés, s.s. Samfestingur, Stíll, söngkeppni og landsmót. Það verður áfram sótt næsta starfsár.
- Haldið áfram að styrkja starfsemi ungmennaráðs og unnið markvisst með ungmennalýðræði í félagsmiðstöðinni.
- Nemendaráð félagsmiðstöðvar er hryggisúla félagsmiðstöðvar og mikilvægt að þjálfa þá einstaklinga sem þar sitja í ungmennalýðræði með kynningum og handleiðslu. Mikilvægt er að þessir nemendur fái tækifæri til að kynnast öðrum stöðum þar sem ungmennalýðræði er viðhaft. Landsmót Samfés er t.a.m. mjög góður vettvangur til þess.
- Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi mun sitja námskeið og sækja þá endurmenntun sem hann og sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs telja þörf á hverju sinni.
- 16+ starfið hefur lítið stækkað frá árinu 2012 þegar það hófst. Fastur, fámennur hópur mætir flesta fimmtudaga en þar með er það nánast upptalið. Halda þarf áfram að þróa þennan hluta starfseminnar.
- Efla þarf starfsemi 10-12 ára í félagsmiðstöðinni með opnu klúbbastarfi og föstum tímum fyrir opið hús.
- Lítið var unnið í verkefninu *Heilsueflandi samfélag*. Leggja þarf áherslu á það verkefni á komandi starfsári.
- TÁT og SÍMEY fluttu í húsnæði Víkurrastar árið 2017. Smá reynsla er komin á hvaða áhrif þeir flutningar hafa á starfið. Verkefni komandi starfsárs er að þróa samstarf enn frekar og vinna í samnýtingu á húsnæðinu.

Meginverkefni næsta árs (2019)

Ljúka þarf við að móta með hvaða hætti íþróttá- og æskulýðsfulltrúi kemur að starfinu eftir að staða forstöðumanns Víkurrastar var lögð niður árið 2016.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð: unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Fjölmennung: Unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

Húsnæðismál

Miklar breytingar hafa verið gerðar á húsnæði Víkurrastar. Það er verkefni stjórnenda TÁT og íþrótta- og æskulýðsfulltrúa að þróa skipulag með þeim hætti að nýting verði sem allra best á húsinu.

Starfsmannamál

Tveir hlutastarfmenn hætta störfum og tveir verða áfram. Búið er að ráða tvo nýja og verða hlutastarfmenn því fjórir í vetur. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi mun sinna fleiri vöktum en áður.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur Víkurröst-félagsmiðstöð	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Starfsmannafjöldi	4	4	4	4
Stöðugildi	1,5	1,5	1,5	1,5
Meðalstarfsaldur	0	1	0,5	
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2	2	2	
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal	100%	0%	0%	
Hlutfall af fjárhagsáætlun	88%	91%	90%	

Íþróttamiðstöðin á Dalvík

Leiðarljós og hlutverk

Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar á að vera leiðandi í að veita góða þjónustu fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Íþróttamiðstöðin er staður þar sem hægt er að efla félagsauð í fjölbreyttri flóru fólks sem kemur saman til að stunda áhugamál sín. Mikilvægt er að gestir íþróttamiðstöðvar á öllum aldri finni jákvætt viðmót og að þeir séu velkomnir hvort sem það er til að taka sundsprett, lyfta lóðum, sparka bolta, vafra um á vefnum eða eiga spjall yfir kaffibolla.

Helstu verkefni og innra starf

- Reglulegir starfsmannfundir, ekki færri en sjö á ári, gegna mikilvægu hlutverki í að meta stöðuna hverju sinni og eru nauðsynlegur þáttur í starfsþróun.
- Starfsfólk fær árlega fræðslu sem ætlast er til samkvæmt lögum, s.s. skyndihjálp og sundpróf.
- Mikilvægt að grunnskólar og íþróttamiðstöð séu samstíga og starfsfólk íþróttamiðstöðvar fái sambærilega fræðslu og starfsfólk grunnskóla hvað varðar t.d. *Uppbyggingarstefnu* og *Olweusaráætlun*.
- Íþróttamiðstöðin heldur áfram að taka þátt í verkefninu *Heilsueflandi samfélag* með því að skipleggja námskeið fyrir sem breiðastan aldurshóp og notar merki verkefnisins í sínum auglýsingum.
- Notendum íþróttamiðstöðvarinnar berast upplýsingar með ýmsum hætti, t.d. í gegnum samfélagsmiðla, heimasíður og með almennum auglýsingum. Einnig eru upplýsingaskjáiir í anddyri sem veita gestum upplýsingar á staðnum.
- Vaktaskipti eru notuð til almennrar upplýsingagjafar milli starfsmanna.
- Mikilvægt er að upplýsingaflæði milli skóla og íþróttamiðstöðvar sé ávallt gott og í föstum skorðum. Haldnir eru fundir með starfsfólki íþróttamiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, íþróttakennurum og skólustjóra Dalvíkurskóla a.m.k. tvisvar á ári.

Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018) og áfram 2019

- Ný rennibraut tekin í notkun í ágúst 2018. Framkvæmdir settu svip sinn á svæðið þetta ár eins og undanfarin ár. Þessum stærri framkvæmdum er nú lokið og ætti ekki að verða teljandi truflun á svæðinu næstu árin.
- Endurnýjun á líkamsræktartækjum samkvæmt endurnýjunaráætlun a.m.k. eitt stórt tæki endurnýjað á árinu.
- Endurnýjun á myndavélum íþróttamiðstöðvar. Mikilvægast er að byrja á vélum á sundlaugarsvæði. Einnig þarf að meta hvort þurfi fleiri myndavélar með tilkomu rennibrautar, en tvær nýjar vélar hafa verið settar en hugsanlega þarf tvær til viðbótar.
- Ekki hefur verið farin fræðslu- og skoðunarferð en stefnt er að ferð með haustinu. Gert er ráð fyrir slíkum ferðum á hverju hausti.
- Mjög mikilvægt er að girða fyrir fallhættu fyrir ofan inngang íþróttamiðstöðvar sem og ofan við inngang á suðaustur horni íþróttamiðstöðvar. Er það á áætlun 2018 og þarf að fylgja því eftir svo að af verði.

Meginverkefni næsta árs (2019)

Klára þarf að móta með hvaða hætti íþrótta- og æskulýðsfulltrúi kemur að starfinu eftir að staða forstöðumanns Víkurrastar var lögð niður árið 2016. Skoða þarf sérstaklega hvort og þá með hvaða hætti það myndi hafa áhrif á starfsfólk íþróttamiðstöðvar.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð: unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Fjölmennning: unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

Starfsmannamál

Töluverð breyting hefur verið á starfsmannahópi íþróttamiðstöðvar undanfarin ár. Einnig hefur verið töluvert um afleysingu vegna fæðingarorlofs starfsmanna.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur íþróttamiðstöðin	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Starfsmannafjöldi	6	6	7	6,33
Stöðugildi	5,8	6	5,8	5,8
Meðalstarfsaldur	5	6	5	6
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	62	5	38	
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunar samtali	100%	100%	100%	100%
Hlutfall af fjárhagsáætlun	97%	99%	85,7%	85,7%
Fjöldi gesta í íþróttamiðstöðinni	55.233			

3ja ára áætlun

- Huga þarf að endurnýjun girðingar umhverfis sundlaugarsvæðið.
- Endurnýja þarf allar myndavélar í íþróttamiðstöðinni.
- Vinna áfram eftir endurnýjunaráætlun fyrir líkamsræktartæki og búnað í íþróttasal.

Vinnuskóli Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós/Hlutverk

Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður með kennslu í almenntri vinnuskólavinnu og skýrum reglum varðandi vinnuumhverfi. Nemendur vinnuskólans starfa við almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu byggðarlagsins. Vinnuskólinn mun verða í góðu samstarfi við fyrirtæki í byggðarlaginu og stofnanir sveitarfélagsins þegar kemur að verkefnavali. Auk þess fá unglingar í vinnuskólanum starfsþjálfun á ýmsum stofnunum og jafnvel fyrirtækjum sveitarfélagsins.

Vinnuskólinn sinnir vinnuuppeldi. Til þess að geta sinnt því sem best þarf að gera miklar kröfur til hæfni leiðbeinenda/flokksstjóra og um þjálfun þeirra. Mikilvægt er að þeir þekki unglingana vel og hafi reynslu af vinnu með ungmennum. Mikilvægt er að tengsl við foreldra og forráðamenn unglinganna séu ætíð góð. Vinnuskólinn getur verið góð fyrirmynd og miðlað þekkingu fyrir aðrar stofnanir sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og innra starf

- Fræðsla flokksstjóra er lykilþáttur í því að efla þá sem leiðbeinendur. Flokksstjórar miðla þeirri þekkingu áfram til nemenda. Allir flokksstjórar fara á námskeið sem haldið er í samstarfi við SÍMEY og er sérstaklega sniðið að þörfum flokksstjóra vinnuskóla. Farið er yfir skyndihjálpar, líkamsbeitingu, ýmislegt er varðar líðan barna og hvernig unnið skal með börnum og unglingum sem og fagleg vinnubrögð við umhirðu og slátt.
- Forstöðumaður vinnuskóla boðar alla nemendur í viðtal áður en þeir hefja störf og forráðamanni er gefinn kostur á að vera með. Á þessum fundi er ákveðið með hvaða hætti sé best að eiga samskipti við nemendur og foreldra.
- Flokksstjórar halda samráðsfundi í byrjun og lok hvers vinnudags.
- *Facebook* er mikið notað til samskipta og þar er einn hópur fyrir flokksstjóra og annar fyrir nemendur. Þurfi að koma upplýsingum á framfæri er alla jafna reynt að gera það á vinnutíma þannig að hægt sé að miðla upplýsingum beint til nemenda. Sé það utan vinnutíma er það yfirleitt gert í gegnum *Facebook*. Í einstaka tilfellum er hringt í nemendur.

Helstu verkefni yfirstandandi árs (2018) og áfram 2019

- Haldið var áfram að þróa starfsemi vinnuskólans þetta fimmta sumar sem vinnuskólinn starfar undir hatti fræðslu- og menningarsviðs.
- Allir flokksstjórar sóttu námskeiðið hjá SÍMEY sem er sérsniðið að þeim. Flokksstjórar munu sækja þessi námskeið á næsta ári.
- Samstarf er um starfsþjálfun hjá stofnunum og íþróttafélögum í Dalvíkurbyggð.
- Flokksstjórar vinnuskóla sáu um uppsetningu á leiktækjum og alla framkvæmd í Kirkjubrekkunni á 17. júní eins og árið áður og tókst mjög vel til. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og stefnt er að því að halda því áfram.

Meginverkefni næsta árs (2019)

Leggja þarf áherslu á bílakost vinnuskólans. Hann þarf að endurnýja.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

Heilsueflandi Dalvíkurbyggð: Unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum. Fjölmennung: Unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

Í umræðum stjórnenda og kjörinna fulltrúa hefur verið velt upp þeirri hugmynd að færa vinnuskóla yfir á umhverfis-og tæknisvið. Ef svo verður þarf að leggja áherslu á að fræðslu- og menningarsvið komi áfram að fræðslu vinnuskólans með einhverjum hætti.

Húsnæðismál

Vinnuskólinn hefur aðsetur í Kyndli, húsnæði Veitna Dalvíkurbyggðar. Það er þröngt í Kyndli eftir að varaafsstöð, sem tekur stóran hluta af rýminu var sett upp í húsinu. Þetta gengur hins vegar upp.

Starfsmannamál

Flokksstjórar vinnuskólans voru sex talsins og auk þeirra einn forstöðumaður. Nemendur voru með færra mótí í ár og var því brugðið á það ráð að bjóða yngri nemendum lengri vinnutíma. Ef sömu aðstæður verða uppi á næsta ári og vinnuskólinn kemst ekki yfir að sinna öllum þeim verkefnum sem sinna þarf, t.d. á opnum svæðum sveitarfélagsins, verður að huga að því með hvaða hætti má bregðast við.

Lykiltölur

Nokkrar lykiltölur Vinnuskóli	2016	2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Fjöldi nemenda 10. bekkjar	13 (41%)	2 (10%)	3 (10%)	
Fjöldi nemenda 9. bekkjar	14 (60%)	10 (35%)	15 (60%)	
Fjöldi nemenda 8. bekkjar	17 (56%)	11 (42%)	11 (58%)	
Meðalfjöldi veikinda daga starfsfólks	2,5	2	2	
Laun á klst 10. bekkur	682,37	699,4	713,39	
Laun á klst 9. bekkur	568,97	588,19	594,86	
Laun á klst 8. bekkur	491,97	504,27	514,35	
Samtals vinnustundir 10. bekkur	325	325	325	
Samtals vinnustundir 9. bekkur	140	140	140	
Samtals vinnustundir 8. bekkur	87,5	87,5	87,5	



DALVÍKURBYGGÐ

Tjaldsvæðið á Dalvík

Ákveðið hefur verið að færa rekstur tjaldsvæðis undir eignasjóð frá og með 1. Janúar 2019.